# Fundargerð 308. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 3. desember 2024
**Fundartími:** 16:00-16:50
**Fundarmenn:** Walter Fannar Kristjánsson
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Walter Fannar Kristjánsson varaoddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við fyrri umræðu á samþykktum fyrir Bergrisann bs. undir lið 9. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 292, dags. 27.11.2024**

   a) **Merkurhraun; Sumarbústaðaland – fjölgun lóða; Fyrirspurn – 2410091**
   Lögð er fram fyrirspurn er varðar breytingu á deiliskipulagi sumarbústaðalands í landi Skálmholts. Í breytingunni felst fjölgun lóða innan Skálmholt lands J L205372
   *Svæðið er skilgreint sem frístundabyggð F25 samkvæmt aðalskipulagi Flóahrepps, alls um 46 ha að stærð. Í gildi er deiliskipulag sem tekur til hluta svæðisins sem tók gildi 1991. Að mati nefndarinnar væri full ástæða til að endurnýja núgildandi deiliskipulag og uppfæra heimildir þess á grundvelli krafna gildandi reglugerða. Að mati nefndarinnar eru fjölgun lóða innan svæðisins þó ákveðnum takmörkunum háð m.t.t þess að ekki heimilt að byggja frístundahús nær Skeiða- og Hrunamannavegi en 100 metra, lóðir geta þó verið skilgreindar nær vegi þótt svo að byggingarreitir séu skilgreindir í 100 metra fjarlægð. Á milli lóða og að Skeiða- og Hrunamannavegu eru skilgreind útvistar og leiksvæði samkv. deiliskipulagi. M.t.t. stefnumörkunar aðalskipulags er varðar að lóðir skuli almennt vera 0,5-1 ha innan frístundasvæða að þá telur nefndin ljóst að það er vandkvæðum háð að skilgreina lóðir inn á miðju svæðinu á milli núverandi lóða auk þess sem tilgreint er í skipulagsreglugerð að innan frístundabyggðar skuli gera ráð fyrir sameiginlegu leik- eða útisvæði ef það á við. Það er því ekki sjálfgefið að núverandi leiksvæði/opinsvæði á skipulagi svæðisins verði breytt í lóðir. Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn og útlokar ekki að rými sé fyrir fjölgun lóða innan svæðisins við gerð nýs deiliskipulags.*

   Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir bókun skipulagsnefndar UTU frá 27.11.2024 vegna fyrirspurnar um breytingu á deiliskipulagi sumarbústaðalands í landi Skálmholts er varðar fjölgun lóðar innan Skálmholts lands J L205372.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   b) **Laugardælur – hverfi; Nýr aðkomuvegur; Deiliskipulag – 2411053**
   Lögð er fram skipulagslýsing fyrir deiliskipulag sem tekur til lands Laugardæla L166253. Í deiliskipulaginu felst nýr aðkomuvegur að Laugardælum en núverandi vegur mun leggjast af á stórum hluta með tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá. Nýji vegurinn mun tengjast mislægum gatnamótum þar sem núverandi Hringvegur, Austurvegur og nýji Hringvegurinn munu mætast. Núverandi aðkomuvegur mun að

hluta til leggjast af og breytast í göngu- og hjólastíg sem mun fara í undirgöng undir nýjan veg.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag sem tekur til lands Laugardæla L166253 er varðar nýjan aðkomuveg að Laugardælum vegna breytinga á hringvegi vegna nýrrar brúar yfir Ölfusá. Sveitarstjórn samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Bitra land L200842; Landbúnaðarlóðir; Hótel og smáhýsi; Deiliskipulag – 2307047**

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842 eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á fjórum landbúnaðarlóðum og fjórum verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Enn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til svæðis Bitru lands L200842 eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins og samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Bitra land L200842; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2302064**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bitru lands L200842 í Flóahreppi eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að 30 ha af svæðinu verði skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og um 13 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og þar með nýta betur þá þjónustu og innviði sem fyrir eru s.s. vegakerfi og veitur.

Einnig að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli á stórum lóðum með möguleika á aðstöðu fyrir t.d. hesta, trjárækt o.þ.h. Þá sé markmiðið með verslunar- og þjónustulóðum að auka kosti í þjónustu og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Á staðnum verði miðað að því að þar verði hægt að taka á móti stærri hópum í einu en skortur sé á slíkri aðstöðu í sveitarfélaginu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti innan gagnanna og framlagðs minnisblaðs málsaðila vegna skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu vegna Bitru lands L200842 og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti innan gagnanna og framlagðs minnisblaðs málsaðila vegna skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Egilsstaðakot 166330; Egilsstaðakot 4; Stofnun lóðar – 2411055**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 08.10.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 146,7 ha land, Egilsstaðakot 4, úr landi Egilsstaðakots L166330. Innan Egilsstaðakots 4, sem samanstendur af tveimur skikum, er þegar byggt fjós með áburðarkjallara (mhl 22).
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeignarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn og undirritaða merkjalýsingu skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024 er varðar stofnun nýrrar landeignar. Stofnað verði 146,7 ha land, Egilsstaðakot 4, úr landi Egilsstaðakots L166330.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Eystri-Loftsstaðir L227151; Íbúðarhús og útihús; Deiliskipulag – 2411042**
Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem tekur til Eystri-Loftsstaða 6 L227151 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að 6.395 fm byggingarreitur er skilgreindur. Þar er heimilt að reisa íbúðarhús og þrjú aukahús s.s. gestahús, gróðurhús og hesthús/geymslu/skemmu. Einnig er heimilt að reisa 10 lítil útleiguhús sem eru 35-40 fm hvert, fyrir allt að 30 gesti. Byggingarmagn á lóðinni má vera allt að 800 fm. Aðkoma er frá Villingaholtsvegi nr. 305 og verður lagður vegur að lóðinni á milli lóðanna Fornabæjar og Eystri-Loftsstaða 8.
*Að mati skipulagsnefndar er heimild fyrir uppbyggingu á 10 útleiguhúsum fyrir allt að 30 gesti háð því að á svæðinu verði skilgreint verslunar- og þjónustusvæði. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu skipulagsáætlunar verði frestað og því vísað til frekari vinnslu umsækjanda og skipulagshönnuðar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir bókun skipulagsnefndar UTU frá 27.11.2024 og samþykkir að fresta afgreiðslu skipulagsáætlunar vegna deiliskipulags sem tekur til Eystri-Loftsstaða 6 L227151. Málinu er vísað til frekari vinnslu umsækjanda og skipulagshönnuðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 215, dags. 20.11.2024**

Lagðar fram til kynningar.

3. **Styrkbeiðnir til sveitarstjórnar vegna ársins 2025**

Fyrir liggja styrkbeiðnir til sveitarstjórnar vegna ársins 2025 sem sveitarstjórn fjallaði um á vinnufundum vegna fjárhagsáætlunar 2025.

Sveitarstjórn samþykkir að veita eftirarandi styrki á árinu 2025 skv. erindum þess efnis:

a) Reiðveganefnd Sleipnis 1.500.000 kr
b) Stígamót 100.000 kr
c) Klúbburinn Strókur 150.000 kr
d) Kvenfélög Hraungerðishrepps og Gaulverjabæjarhrepps vegna Ársfundar SSK 2025 – Kvöldverður á Ársfundi SSK 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Samþykkt fyrir Brunavarna Árnessýslu bs. – Seinni umræða**

Fyrir liggja tillögur að samþykktum Brunavarna Árnessýslu bs. til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu að breytingum á samþykktum fyrir Brunavarnir Árnessýslu bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs. – Seinni umræða**

Fyrir liggja tillögur að samþykktum Tónlistarskóla Árnesinga bs. til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu að breytingum á samþykktum fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Tilnefning í vinnuhóp v/kostnaðarskiptingu í Brunavörnum Árnessýslu**

Fyrir liggur að skipa þarf fulltrúa frá Flóahreppi í vinnuhóp til að greina kostnað við brunavarnir og vinna tillögu að skiptingu kostnaðar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að skipa Árna Eiríksson oddvita í vinnuhóp vegna kostnaðarskiptingar í Brunavörnum Árnessýslu og Huldu Kristjánsdóttur sveitarstjóra til vara.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. **Gjaldskrár og álagningarforsendur 2025**

a) **Útsvarsprósenta fyrir árið 2025**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að útsvarsprósenta fyrir árið 2025 verði 14,97%

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Álagningarprósenta fasteignaskatts 2025**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir eftirfarandi álagningaprósentu fasteignaskatts 2025:

A-Flokkur 0,45 af fasteignamati
B-Flokkur 1,32% af fasteignamati
C-Flokkur 1,60% af fasteignamati

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Vatnsgjald**

Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi gjaldskrá vegna vatnsveitu og að vatnsgjald verði eftirfarandi:
A flokkur fyrir utan frístundahús 0,2% af fasteignamati að lágmarki 25.913 kr og að hámarki 51.043 kr.
Frístundahús bera fast gjald að upphæð 43.188 kr.
Vatnstæki í beitarhólfum og óbyggðarlóðir tengdar vatni bera fast gjald að upphæð 25.913 kr.
C flokkur og útihús 0,3% af fasteignamati að hámarki 525.000 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Gjald fyrir seyrulosun**

Sveitarstjórn samþykkir að árlegt gjald fyrir seyrulosun þriðja hvert ár að jafnaði verði 16.117 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi**

Heimilissorp frá íbúðarhúsnæði skal flokka í fjóra flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir gunneiningu íláta í hverjum flokki.
Sveitarstjórn samþykkir að sorphirðugjald og sorpeyðingargjald verði eftirfarandi:
*Sorphirðugjöld 2025:*
140 lítra lífrænn úrgangur 15.000 kr ár ári
240 lítra almennur úrgangur 25.000 kr á ári
660 lítra almennur úrgangur 68.000 kr á ári
1100 lítra almennur úrgangur 114.000 kr á ári
360 lítra plast til endurvinnslu 10.000 kr á ári
660 lítra pappír/pappi til endurvinnslu 20.000 kr á ári

Sorpeyðingargjald 2025:
Atvinnurekstur, lögbýli 27.200 kr á ári
Íbúðar- og frístundahús 22.300 kr á ári
Atvinnurekstur/iðnaðarlóðir 48.900 kr á ári

Gjald fyrir meðhöndlun á dýrahræjum á alla aðila með skráðan bústofn skv. skýrslum frá Matvælaráðuneyti og fer gjald eftir umfangi:

| | |
|---|---|
| Lágmarksgjald | 5.000 kr á ári |
| Gjaldflokkur 1 | 25.000 kr á ári |
| Gjaldflokkur 2 | 50.000 kr á ári |
| Gjaldflokkur 3 | 75.000 kr á ári |
| Gjaldflokkur 4 | 100.000 kr á ári |
| Gjaldflokkur 5 | 120.000 kr á ári |
| Gjaldflokkur 6 | 140.000 kr á ári |

Allir fasteignagreiðendur sem greiða sorpeyðingargjald fá inneignarkort á söfnunarstöð í Hrísmýri á Selfossi. Magn innifalið er 500 kg á árinu 2025. Aðrar upplýsingar um meðhöndlun úrgangs eru skv. framlagðri gjaldskrá.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Gjaldskrá fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks**

Sveitarstjórn samþykkir að gjald fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks verði eftirfarandi:
Frá heimili og innan Flóahrepps skv. reglum 295 kr ferðin



WFK

Frá heimili og á Selfoss/Árborg skv. reglum 590 kr ferðin
Frá heimili og utan Flóahrepps eða lengra en Árborg skv. reglum skv. samkomulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) **Gjaldskrá fyrir mat og heimsendingu á mat**
Sveitarstjórn samþykkir að gjald fyrir mat fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja sem er keyptur í mötuneyti án heimsendingar verði 673 kr máltíð og 1190 kr með heimsendingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) **Gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg**
Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg taki ekki vísitölubreytingum á árinu 2025 heldur hækki um 3,5%.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) **Gjaldskrá fyrir skólavistun við Flóaskóla**
Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá fyrir skólavistun við Flóaskóla taki ekki vísitölubreytingum á árinu 2025 heldur hækki um 3,5%.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) **Gjaldskrá og reglur fyrir Þingborg og Félagslund**
Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi gjaldskrá fyrir félagsheimilin Þingborg og Félagslund 2025:

| | |
|---|---|
| Svefnpokapláss grunnskólar | 1300 pr. nótt |
| Svefnpokapláss | 3600 pr. nótt |
| Íþróttir fastir tímar (yfir amk 12 vikna óslitið tímabil) | 4200 kr. klst. |
| Íþróttir stakir tímar (ekki reglubundnir tímar) | 6300 kr. klst. |
| Barnaafmæli án uppröðunar | 6300 kr. klst. |
| Litlir fundir í anddyri án eldhúss | 10.500 kr |
| Veislur í litla sal, aðgangur að eldhúsi (t.d, skírn). Dagsleiga | 31.700 kr |
| Veislur í litla sal, aðgangur að eldhúsi (t.d afmæli, útskrift). Kvöldleiga | 48.800 kr |
| Hópar frá 17:00-24:00 (t.d starfsmannaferðir). Allt húsið. | 65.900 kr |
| Fundir litli salur (með eða án skjávarpa og hljóðnema) | 31.700 kr |
| Fundir stóri salur (með eða án skjávarpa og hljóðnema) | 65.900 kr |
| Fermingarveislur | 76.300 kr |
| Veisla stóri salur t.d afmæli/útskrift. Dagsleiga | 76.300 kr |
| Veisla stóri salur t.d afmæli/útskrift. Kvöldleiga | 110.200 kr |
| Brúðkaup dagsleiga | 76.300 kr |
| Brúðkaup helgarleiga. Tjaldsvæði innifalið í verði. | 178.500 kr |
| Ættarmót dagsleiga | 76.300 kr |
| Ættarmót helgarleiga Tjaldsvæði innifalið í verði. | 178.500 kr |
| Erfidrykkja | 76.300 kr |
| Menningarviðburður 1 (smærri viðburðir, sjálfboðavinna án aðgangseyris) | Samningsatriði |
| Menningarviðburður 2 (stærri viðburðir, seldur aðgangseyrir t.d tónleikar) | 110.200 kr |
| Þorrablót eða sambærilegir viðburðir (aðgangseyrir) | 1000 pr/miði |
| Leiga á samkomutjaldi frá Flóahreppi (uppsetning ekki innifalin) | 65.900 |

Samþykkt með 5 atkvæðum

k) **Gjaldskrá Flóaljóss**
Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá vegna Flóaljóss fyrir árið 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

*Aðrar gjaldskrár eru óbreyttar*

8. **Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2025-2028 ásamt greinargerð – Seinni umræða**
Fyrir liggur fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2025-2028 ásamt greinargerð frá sveitarstjóra.

- Tekjur samstæðu A og B hluta 1.265 milljónir króna
- Rekstrargjöld A og B hluta 1.083 milljónir króna
- Afskriftir A og B hluta 41 milljón króna
- Fjármagnsgjöld A og B hluta 8 milljónir króna
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 132,7 milljónir króna
- Áætlað handbært fé frá rekstri A og B hluta um 168 milljónir króna
- Afborganir langtíma lána áætlaðar 40 milljónir króna (lán Flóaljóss greitt upp)
- Áætlaðar fjárfestingar í A hluta nema 241 milljón og í B hluta 117 milljónum króna
- Áætluð viðhaldsþörf innan fasteigna sveitarfélagsins nema um 33 milljónum króna
- Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2025
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,97%
- Álagning fasteignagjalda í A flokki **lækkar** úr 0,47% í 0,45%
- Álagning fasteignagjalda í B flokki óbreytt eða 1,32%
- Álagning fasteignagjalda í C flokki óbreytt 1,60%
- 5% hækkun á vatnsgjaldi vegna lágmarks, hámarks og af föstu gjaldi.
- Sorphirðugjöld við heimili **lækka** á grunnílát
- Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum
- Aðrar gjaldskrár hækka um 3,5%-5%

*Að vinnu við fjárhagsáætlun komu, auk sveitarstjóra og sveitarstjórnar, stjórnendur deilda, bókari og launafulltrúi ásamt formönnum nefnda og er þeim hér með þakkað fyrir sína vinnu við gerð áætlunarinnar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2025-2028.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. **Samþykktir Bergrisans bs. fyrri umræða**

Fyrir liggja tillögur að samþykktum Bergrisans bs. til fyrri umræðu.
Sveitarstjórn samþykkir tillögur að samþykktum Bergrisans bs. í fyrri umræðu og vísar þeim til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. **Fundargerðir**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 307, dags. 19.11.2024
b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 28, dags. 19.11.2024
c) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 329, dags. 30.10.2024
d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 955, dags. 15.11.2024, nr. 956, dags. 20.11.2024, nr. 957, dags. 22.11.2024 og nr. 958, dags. 24.11.2024
e) Öldungaráðs Uppsveita og Flóa nr. 2, dags. 09.10.2024
f) Aðalfundar SASS dags. 31.10.2024-01.11.2024

11. **Efni til kynningar**

a) Styrkjum sunnlenskt samfélag – Ályktanir frá Ársþingi SASS 2024
b) Frá Úrvinnslusjóði - Vegna sérstakrar söfnunar umbúða hjá sveitarfélögum
c) Frá Skipulagsgátt – Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 1253/2024
d) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 17. desember kl. 16:00 í Þingborg og í beinu streymi.

*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)*
*Hjalti Guðmundsson (sign)*

*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*



**FLÓAHREPPUR**
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

# Fundargerð nr. 154
## Fræðslunefnd Flóahrepps

| | |
|---|---|
| Fundarstaður: | Þingborg fundarsalur |
| Fundardagur: | Þriðjudagur 26. nóvember 2024 |
| Fundartími: | Flóaskóli 16:30-17:45<br>Sameiginlegt 17:45-17:55<br>Krakkaborg 17:55-18:30 |
| Fundarmenn: | Bjarni Stefánsson, formaður<br>Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður<br>Axel Páll Einarsson, ritari<br>Hjalti Guðmundsson, aðalmaður<br>Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður<br><br>Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla<br>Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla<br>Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs<br><br>Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar<br>Þórdís Þormóðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar<br>Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar |

Undir þessu lið sátu: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel,

1. **Flóaskóli**

   a. **Fréttir af skólastarfinu.**
   Frá miðjum október unnu nemendur í yngsta stigi með himingeiminn, geimfara og sögu geimferða. Þau luku sinni vinnu um miðjan nóvember með vasaljósaferð í Kolsholt. Á miðstigi var viðfangsefnið Afmælisveislan mín – grænu skrefin, eins og nafnið gefur til kynna þá voru nemendur að vinna að ýmiskonar verkefnum tengdum afmælisundirbúningi og voru með umhverfisvæn sjónarmið að leiðarljósi. Þeirra verkefni lauk með kynningu fyrir samnemendur. Verkefni nemenda á elsta stigi er leiksýning og eru þau í óða önn að undirbúa leiksýninguna Stellu í orlofi. 27. nóvember er leiksýningin. Einleikurinn er byggður á kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur. Leikstjóri er Hjálmar Benónýsson íslenskukennari og handritshöfundur er Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir deildarstjóri.

   Næsta þema er byggt á grunnþættinum lýðræði og mannréttindi. Elsta stig fær jafningjafræðslu í heimsókn til sín og vinnur verkefni tengd kynvitund og kynjafræði. Yngsta og miðstig eru að vinna verkefni tengd jólum um allan heim þar sem horft er til ólíkra samfélaga og hvernig jólahald er á ólíkum stöðum.

   Föstudaginn 8.11. var baráttudagur gegn einelti, þann dag voru samkvæmt venju haldnir Vinaleikar í Flóaskóla, þá hittust vinabekkir og vörðu saman tíma við nám og leik þar sem áherslan var lögð samvinnu og góð samskipti. Skipulag vinabekkjanna er

þannig að 1. og 6. bekkur vinna saman og helst sú samvinna alveg þar til bekkirnir eru í 5. og 10. bekk.

20. nóvember fengum við fulltrúa Landverndar í heimsókn hann afhenti okkur nýjan grænfána.

Elsta stigið lýkur svo nóvembermánuði í Menningarferð í Reykjavík með skólunum í Uppsveitum Árnessýslu. Lagt verður upp á fimmtudagsmorgni og komið heim um miðjan dag á föstudegi. Nánari upplýsingar verða sendar heim til unglinganna þegar nær dregur. Miðstigið fer í Flúðaskóla, á skólatíma, föstudaginn 29. nóvember í smiðjur.

Jóladagskrá tekur svo við eftir helgina á mánudag verður kyndlaganga og skreytingadagur. 10. desember verður jólasýning 1.-7. bekkja. 17.-19. desember verða svo jólahringekjur og hátíðarmatur og 20. eru stofujól og jóladiskó áður en allir halda í jólaleyfi.

b. **Skólapúlsinn**
Farið yfir niðurstöður nemendakönnunar með Fræðslunefnd. Skólapúls má nálgast á heimasíðu Flóaskóla og því ekki farið í ákveðna liði í fundargerð en nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Flóaskóli kemur ágætlega út að mörgu leyti, einhverjir liðir eru marktækt undir og aðrir yfir. En þegar á heildina er litið líður börnunum vel í skólanum og ber skólinn þess merki um að vera lítill skóli og ætti því að vera auðvelt að bregðast við ákveðnum liðum í könnuninni.

c. **Til kynningar**
Aðgerðaráætlun vegna skólaforðunar SVÁ. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings (SVÁ) og grunnskólar á svæðinu hafa markað sér sameiginlega sýn á skilgreiningu á skólaforðun og hvernig skuli brugðist við ef skólasókn nemenda er ófullnægjandi með sameiginlegri viðbragðsáætlun. Í stuttu máli eru skólarnir að gera sameiginlega viðbragðsáætlun við langvarandi fjarvistir nemenda, og áhugavert atriði að ef nemendi missir úr 18 daga á skólaári er það heilt skólaár á grunnskóla tímanum.

d. **Stoðþjónusta**
Stöðumat og áherslur hafa verið kynnt fyrir Fræðslunefnd oft áður og gott að fara í gegnum þetta, en í stuttu máli felur stoðþjónustan í sér; „Stoðþjónusta er heiti yfir þau úrræði sem skólinn býr yfir og er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemenda. Leitast er við að styrkja sjálfsmynd nemenda með því að leggja áherslu á styrkleika og um leið efla aðra þætti á jákvæðan hátt. Markmið stoðþjónustunnar er ávallt að sinna þörfum hvers og eins með stuðningi og kennslu við hæfi, í lengri eða skemmri tíma."

e. **Önnur mál**
Engin önnur mál.

## 2. Sameiginleg málefni skólanna.

Undir þessu lið sátu: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel, Sara Guðjónsdóttir, Þórdís Þormóðsdóttir og Helga Rut Hallgrímsdóttir.

*Engin sameiginleg mál voru til umfjöllunar að þessu sinni.*

3. Krakkaborg

Undir þessu lið sátu: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Sara Guðjónsdóttir, Þórdís Þormóðsdóttir, Helga Rut Hallgrímsdóttir.

a. **Fréttir af skólastarfinu.**

Leikskólalífið er alltaf blómlegt og eitt og annað búið að gerast og enn meira á döfinni. Í nóvember höldum við alltaf upp á afmæli Blæs og Lubba, en í tilefninu erum við með sameiginlega sögustund og fáum afmælis ávexti. Við vekjum athygli á vináttu þegar Blær á afmæli og setjum af stað lestarátak þegar Lubbi á afmæli þar sem við reynum okkar besta að standa vörð um málið okkar. Elstu nemendur á Krummadeild taka þátt í aðventutónleikum Flóahrepps og eru jólalögin farin að óma um gangana hjá okkur.

Nýr nemandi á Lóudeild kemur núna um mánaðarmótin og eru elstu nemendur á Lóudeild farnir að færa sig meira og meira inn á Ugludeild.

Nýr matráður tók við um miðjan mánuð en hún Svandís sagði starfi sínu laus um miðjan síðasta mánuð og var hún Kristín Tryggvadóttir tilbúin að hefja störf strax.

Við erum farin að huga að næstu skráningardögum sem eru um hátíðarnar og eru foreldrar búnir að fá tölvupóst um þá daga. Við erum með sama snið og síðast, gerum ráð fyrir því að allir eru í fríi nema ef foreldrar segi annað með því að senda tölvupóst á leikskólastjóra. Þegar þessar fréttir eru skrifaðar eru lítil viðbrögð búin að eiga sér stað en foreldrar munu fá áminningar um málið áður en skráningarfrestur rennur út.

Desember er alltaf skemmtilegur mánuður en það er alltaf markmið á leikskólanum að gera hann eins rólegan og ánægjulegan eins og hægt er. Oft er mikill erill á fólki og jólastressið getur stundum verið yfirþyrmandi en við reynum eins og við getum að minnka stressið, höldum haus og njótum samverunnar á aðventunni.

b. **Stoðþjónusta.**

Stöðumat og áherslur. Nemendaráðsfundir eru á 6 vikna fresti ef einhver mál eru til að taka fyrir. Þar er hægt að kalla til ýmiskonar sérfræðinga á öllum sviðum þegar kemur að börnum og einnig hægt að kalla til sérfræðinga frá HSU. Þórdís reynir að grípa börn snemma og koma þeim að hjá talmeinafræðing ef þörf er á því en mikil bið er hjá talmeinafræðing.

4. **Önnur mál.**

a. Aðeins komið inná viðhaldsmál hjá leikskólanum, bara almennar umræður.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Axel Páll Einarsson
Kt. 0708872159
Dags. 11.12.2024 11:22:29
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helga Rut Hallgrímsdóttir
Kt. 3005873649
Dags. 5.12.2024 17:58:13
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sara Guðjónsdóttir
Kt. 1109862899
Dags. 5.12.2024 09:47:40
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Íris Grétarsdóttir
Kt. 2101783339
Dags. 11.12.2024 11:42:17
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 6.12.2024 13:06:34
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir
Kt. 1010823859
Dags. 5.12.2024 10:59:12
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Kt. 2005715179
Dags. 11.12.2024 23:04:19
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Bjarni Stefánsson
Kt. 0312638249
Dags. 8.12.2024 10:19:41
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sævar Örn Sigurvinsson
Kt. 0302715649
Dags. 5.12.2024 11:35:29
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 9.12.2024 15:41:43
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Catharina Marie Berta Krentel
Kt. 1511904059
Dags. 5.12.2024 11:44:26
Ástæða: Undirritun

Fundargerð aðalfundar Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða
Haldinn að Þingborg 29.03. 2024.

1. Formaður setti fundinn og stakk upp á Ara B Thorarensen sem fundarstjóra og sem fundarritara var það samþykkt.

2. Kannað var lögmæti fundarins og voru 7 af 8 kjörnum fulltrúum mættir.
Frá Sv. Árborg: Ari B Thorarensen .
Flóahreppi: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þorsteinn Logi Einarsson, Skeggi Gunnarsson Einar Magnúsdóttir .
Skeið-Gnúp: Elín Mókvist og Ingvar Hjálmarsson.
Fjallkóngar þeir Ingvar Hjálmarsson, Ágúst I Ketillsson, og Halldór Vilhjálmsson og einnig 10 gestir.

3. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar og gjaldkeri reikninga félagsins.
Umræður og spurningar voru um skýrsluna og reikninga og svöruðu formaður og gjaldkeri þeim. Skýrsla stjórnar og reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða.

4. Fundurinn samþykkti að fjallskil verði kr. 70,- á jarðarþúsund, kr. 300,- á heimafé og kr. 400,- á fjallfé.
Dagkaup fjallmanna verði óbreitt kr. 4500,- per. dag og laun í eftirsafni verði kr. 22.500,-
Leiga á húsum verði 4.500,- per mann Kletti og 3.500,- per mann Hallarmúli.
Laun formanns og gjaldkera verði 100.000,- og annara stjórnarmanna 25.000,-
Umræður voru um fjallskil á fundinum vegna taps á smalahlutanum í reikningum félagsins og mikils kostnaðar á árinu 2019 og 2020 vegna smalamennsku.
.

5. Kosningar. Stjórnarmenn allir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ari B Thorarensen, Jón Vilmundarsson og Steindór Guðmundsson og var sú tillaga samþykkt samhljóða og skiptist stjórn þannig: Formaður Ari Thorarensen, gjaldkeri Steindór Guðmundsson og meðstjórnandi Jón Vilmundarson
Varastjórn Jökull Helgason og Þorsteinn Logi Einarsson.

5. Landbótaráætlunn.
Steindór Guðmundsson fór yfir verkefni við landbótaráætlun og hvar var sáð og borinn á áburður og kjötmjöl og hvað væri framundan.

6. Önnur mál.

Tilhögun réttarstarfa í Reykjaréttum og tilhögun smalamennsku og rekstur til rétta.Lögð var áhersla á að slegið væri með vegum í Sandlækjarmýri og hvernig best væri að haga rekstri til framtíðar.
Rætt var um fyrirhugað hótel í Rauðukömbum og girðingu sem skerðir afréttinn og hvernig best væri að haga smalamensku með tilkomu hennar og einnig um tjón og bætur sem hlýst við skerðingu á afréttinum.

Ari B Thorarensen ritaði fundargerð.

Skóla- og velferðarþjónusta
ÁRNESÞINGS

# Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn að Borg í Grímsnesi 22. nóvember 2024, kl. 8:30

---

**Mættir eru:**
*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður*
*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps*
*Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps*
*Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð*
*Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps*
*Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

---

Hér var gengið til dagskrár:

1. **<u>Starfsemi og skipulag.</u>**
   Rætt um ýmis atriði í skipulagi og fyrirkomulagi þeirra þjónustu sem SVÁ veitir og farið yfir ýmsa þætti hvað varðar rekstur þjónustunnar.
   *Samþykkt að fela formanni og ritara að ræða við deildarstjóra um starfsemina og framtíðarskipulag.*

2. **<u>Starfsmannamál.</u>**
   Rætt um stöðu starfsmannamála og það hversu erfiðlega hefur gengið að manna lausar stöður sérfræðinga.
   *Stjórn samþykkir að ítreka við deildarstjóra þá heimild sem þær hafa til ráðningar á sérfræðingum í verktöku t.d. félagsráðgjafa og sálfræðinga á meðan ekki tekst að manna stöður.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Aldís Hafsteinsdóttir
Kt. 2112645009
Dags. 28.11.2024 16:39:46
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 28.11.2024 15:44:28
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sylvía Karen W. Heimisdóttir
Kt. 2908825679
Dags. 2.12.2024 12:25:41
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Iða Marsibil Jónsdóttir
Kt. 1510774559
Dags. 28.11.2024 15:44:54
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ásta Stefánsdóttir
Kt. 2510703189
Dags. 28.11.2024 15:51:13
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ása Valdís Árnadóttir
Kt. 3004825119
Dags. 28.11.2024 16:10:43
Ástæða: Undirritun

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

# 3. fundur Öldungaráðs Uppsveita og Flóa kjörtímabilið 2022-2026 haldin í Bergholti í Reykholti 4. desember 2024 kl. 14:25

**Mættir eru:**
Þröstur Jónsson fulltrúi Hrunamannahreppi, varaformaður
Stefanía Hákonardóttir, fulltrúi Bláskógabyggðar
Halla Kjartansdóttir, fulltrúi Flóahrepps
Guðrún Alfreðsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Hrunamannahreppi
Elinborg Sigurðardóttir, fulltrúi félagi eldri borgara í Bláskógabyggð,
Hildur Hermannsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi - varamaður
Ásta Oddleifsdóttir, fulltrúi heilsugæslunnar í Laugarási
Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings, starfsmaður ráðsins

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, fulltrúi Grímsnes-og Grafningshreppi og Lilja Össurardóttir fulltrúi Skeiða-og Gnúpverjahreppi boðuðu forföll, varamaður Skeiða-og Gnúpverjahrepps boðaði einnig forföll

Varaformaður, Þröstur Jónsson setti fundinn og óskaði eftir að Anný Ingimarsdóttir, ritaði fundargerð og var það samþykkt.

1. **Fréttir af málþingi um öldungaráð sveitarfélaga sem fór fram 17. október sl.**
Ráðsmenn sögðu frá málþinginu – gott málþing að mati þeirra sem sóttu það einhverjir mættu á staðin og aðrir hlustuðu á það í streymi. ÞJ ræddi um að miðað við sem fram kom á málþinginu þá er hans upplifun sú að uppsveitir eru að standa sig nokkuð vel miðað við önnur sveitarfélög. ES talaði um að það hefði verið mikið rætt um að huga þyrfti að fjölgun hjúkrunarrýma og taka á biðlistum. Þá kom fram að einmanaleiki og áfengisvandi væri vaxandi vandamál á meðal eldra fólks á landinu.. Ýmislegt fleira rætt í sambandi við málþingið en hægt er að hlusta á málþingið og sjá glærur frá því á slóðinni https://www.leb.is/viburir/blog-post-title-one-e4kzm

2. **Styrkir til einstaklinga og/eða félags eldri borgara á svæðinu.**
Á síðasta fundi ráðsins var ákveðið að AI, starfsmaður ráðsins myndi kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögunum hvernig fyrirkomulag er á styrkjum til eldri borgara frá sveitarfélögum. AI sendi fyrirspurn á alla sveitarstjóra á þjónustusvæði ráðsins, svör bárust frá 4 sveitarfélögum af 5. Misjafnt er hvernig þessu er háttað, þau sveitarfélög sem eru með félög eldri borgara fá fasta styrki til að halda uppi sinni starfsemi, en þeir eru misháir á milli sveitarfélaga., Ttvö sveitarfélög eru ekki með félag eldri borgara en þá er verið að niðurgreiða ýmsa þjónustu fyrir þennan aldurshóp. Auk þessara föstu styrkja sem félög eldri borgara fá er greitt í sumum sveitarfélögum fyrir ýmis námskeið s.s. sundnámskeið, yoganámskeið o.fl. Sveitarfélögin sem svöruðu eru öll að veita félagi eldri borgara fría aðstöðu til að

hittast, halda fundi og ýmis konar afþreyingu einnig fá þau endurgjaldslausa tíma íþróttahúsum.

Rætt var um frístundastyrk til eldri borgara og skorar öldungaráð Uppsveita og Flóa að sveitarfélög kanni þann möguleika að eldri borgurum gefist kostur að sækja um slíka styrki vegna íþrótta og tómstunda. Væri þetta þá sama fyrirkomulag og þegar foreldrar sækja um frístundastyrk fyrir börn og ungmenni í sveitarfélögunum. Vitað er um að frístundastyrkir fyrir eldri borgara eru m.a. veittir í Grímsnes og Grafningshreppi, Ásahreppi, Reykjanesbæ og Hafnarfirði

3. **Fréttir úr sveitarfélögunum**

a) ES frá félagi eldri borgara í Biskupstungum sagði frá fjölmenningarhátíð sem var haldin í Aratungu 3. nóvember sl. en samstarf var á milli félags eldri borgara í Biskupstungum og Hrunamannahreppi um kynningu á starfsemi félaganna.
b) HK fulltrúi Flóahrepps sagði frá að í maí sl. hefðu þau byrjað að bjóða upp á opið hús fyrir 60+ í Flóahreppi. Góð mæting hefur verið eða frá 18-25 manns hittast þau í Þjósárveri á 3ja vikna fresti og er almenn ánægja með þetta opna hús. Ekki er félag eldri borgara í Flóahreppi.
c) ÞJ og GA fulltrúar Hrunamannahreppi sögðu frá að félagsmenn í félagi eldri borgara hittust 1x í viku síðan væru þau með opið hús fyrir stærri hóp 1x í mánuði.
d) ES sagði frá að félagar í eldri borgara félagi Biskupstungna hittist 2x í viku í Bergholti, leshópur, samvera og námskeiðeinnig eru þau 2x í viku leikfimi og sundi..

4. **Önnur mál**

a) ÁO fulltrúi heilsugæslunnar í Laugarási sagði frá að undirbúningur væri í gangi að starfsfólk heilsugæslunnar fari í heilsueflandi heimsóknir til eldri borgara á starfssvæði heilsugæslunnar Í máli hennar kom m.a. fram að þau hafa verið að heimsækja 80+ hópinn en eru nú að undirbúa að heimsækja yngri hóp. Markmið með heilsueflandi heimsóknum er m.a. að stuðla að öryggiskennd og vellíðan eldri borgara á eigin heimili og veita upplýsingar og einstaklingshæfða ráðgjöf.
b) Öldungarráð vill koma á framfæri til sveitarfélaga að þegar verið er að fjalla um málefni aldraða s.s. aðgengi að opinberum byggingum, nýjar teikningar eða annað sem snerta málefni aldraðra fái öldungaráð þau mál til umfjöllunar. Þá var líka rætt um að þegar frumvörp koma til umsagnar fráAlþingi sem snerta málefni eldri borgara að öldungaráð hafi tækifæri til að koma með umsögn um það.
c) Næsti fundur, verður haldin miðvikudaginn 12. mars 2025 kl. 14:00 í Félagsheimilinu á Flúðum í Huppusal.

*Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15:55*

| | |
|---|---|
| *Elinborg Sigurðardóttir* | *Stefanía Hákonardóttir* |
| *Guðrún Alfreðsdóttir* | *Þröstur Jónsson* |
| *Halla Kjartansdóttir* | *Ásta Oddleifsdóttir* |
| *Hildur Hermannsdóttir* | *Anný Ingimarsdóttir* |

# Fundargerð 959. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 29. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Berglind Eva Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Margrét Sigurðardóttir, Kolbeinn Guðmundsson og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjaraviðræður - 2406015SA**

   Formaður Samninganefndar gerði grein fyrir stöðu í kjaraviðræðum við Kennarasamband Íslands og lagði fram tillögu að samkomulagi milli aðila.

   *Samþykkt samhljóða að gangast að miðlunartillögu ríkissáttasemjara sem miðar að því að fresta verkföllum út janúar 2025 og að tíminn verði nýttur til að ganga frá kjarasamningnum.*

Fundi var slitið kl. 08:50

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**240. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn þriðjudaginn 3. desember 2024 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson (í fjarfundabúnaði), Örn Friðriksson (í fjarfundabúnaði), Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. **Starfsleyfi, skráning, brennuleyfi, tóbakssöluleyfi, afturköllun/höfnun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit**

**a) Starfsleyfi**

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2412008HS | Starfsleyfi tímabundin starfsemi - jarðborun Skólatúni 1 | Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. | 840 | 02.12.2024 |
| 2412009HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Dyravellir 8, gisting - Bjarki Jónsson | 845 | 02.12.2024 |
| 2412011HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Veitingar - Lindarfiskur ehf. | 870 | 02.12.2024 |
| 2411160HS | Starfsleyfi, eigendaskipti | Cozy House by the river Ytri Rangá - G Harpa Fjárfesting ehf. | 850 | 29.11.2024 |
| 2411127HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Gisting Langirimi 28 - Aðalhús ehf. | 805 | 25.11.2024 |
| 2411136HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Sláturhúsið Hellu - Esja Gæðafæði ehf. | 850 | 25.11.2024 |
| 2411113HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Gisting - Bær hf. | 880 | 21.11.2024 |
| 2411110HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Giltún gisting - Breidd ehf. | 816 | 20.11.2024 |
| 2411097HS | Starfsleyfi endurnýjun | Vatnsból Fjallsbúið ehf., Skeiða- og Gnúpverjahr. | 804 | 18.11.2024 |
| 2411098HS | Starfsleyfi,nýtt - Efnistaka Tungnaáreyrum E70 | Borgarverk ehf. - Efnistaka E70 Tungnaáreyrum | 851 | 18.11.2024 |
| 2411086HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Lyfjaval ehf. | 800 | 14.11.2024 |
| 2411087HS | Starfsleyfi, vatnsframleiðsla | Vinnslustöðin hf - fiskvinnsla | 900 | 14.11.2024 |
| 2411066HS | Starfsleyfi endurnýjun | Garðyrkjustöðin Laugarland, Flúðum - Rafn Emilsson | 845 | 13.11.2024 |
| 2411058HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Blue View Cabins - Stök Gulrót ehf. | 806 | 12.11.2024 |
| 2411041HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Bústjórabyggð 5, Istanbul Market ehf. | 805 | 11.11.2024 |
| 2411042HS | Starfsleyfi br. á húsnæði | Leikskólinn Mánaland - Mýrdalshreppur | 870 | 11.11.2024 |
| 2411049HS | Tímabundið starfsleyfi - Orka náttúrunnar v vinnsluholu NJ-37 | Orka náttúrunnar ohf - Nesjavallavirkjun | 805 | 11.11.2024 |
| 2411021HS | Starfsleyfi - endurútgefið | Bót og Haki ehf. Ferðaþjónusta bænda Seli, Grímsnes- og Grafningshreppi - | 805 | 05.11.2024 |
| 2411019HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Útleiga húss - Tunga Tungulækur - Murtan veiðifélag ehf. | 881 | 05.11.2024 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2411016HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Gisting Hlauphólum 3, 7 og 11 - Hlauphólar ehf. | 805 | 05.11.2024 |
| 2411009HS | Starfsleyfi | Gisting Þórðarbraut 2 - Þ2 ehf. | 806 | 04.11.2024 |
| 2411010HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Gisting Hellishólum 2, Gunnar Már Þráinsson | 800 | 04.11.2024 |
| 2411011HS | Starfsleyfi br. á starfsemi | Skaftholt,sjálfseignarstofnun | 804 | 04.11.2024 |
| 2411012HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Ferðaþjónustan Stóru-Mörk - Hrefna Sigfúsdóttir | 861 | 04.11.2024 |
| 2410104HS | Starfsleyfi, endurnýjun | Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf | 851 | 31.10.2024 |
| 2410089HS | Starfsleyfi, endurnýjun | Bílaverkstæði Sigurjóns - Sigurjón Hinrik Adolfsson | 900 | 24.10.2024 |
| 2410086HS | Starfsleyfi endurnýjun | Árborg v/Bifröst skólavistun | 800 | 24.10.2024 |
| 2410087HS | Starfsleyfi endurnýjun | Sandvíkursalur - Sveitarfélagið Árborg | 800 | 24.10.2024 |
| 2410082HS | Starfsleyfi endurnýjun | Ungmennahúsið og Félagsmiðstöðin Zelsíuz - Sveitarfélagið Árborg | 800 | 23.10.2024 |
| 2410083HS | Starfsleyfi ný garðyrkjustöð | Gróðrarstöðin Reykjalundur - Flight Song ehf. | 805 | 23.10.2024 |
| 2410073HS | Starfsleyfi endurnýjun | Hótel Vestmannaeyjar ehf. | 900 | 22.10.2024 |
| 2410074HS | Starfsleyfi endurnýjun | Set ehf - Mötuneyti starfsmanna | 800 | 22.10.2024 |
| 2410079HS | Starfsleyfi nýtt húsnæði | Box800 ehf. | 800 | 22.10.2024 |
| 2410080HS | Starfsleyfi endurnýjun | Sleipnir,hestam.fél.v/Félagsh.Hliðskjálf | 800 | 22.10.2024 |
| 2410070HS | Starfsleyfi endurnýjun röraverksmiðja | Set ehf - verksmiðja | 800 | 21.10.2024 |
| 2410072HS | Starfsleyfi, endurnýjun | Eldstó ehf. - kaffihús og gistiheimili | 860 | 21.10.2024 |
| 2410062HS | Starfsleyfi endurnýjun | Leikskólinn Sóli - Hjallastefnan ehf | 900 | 16.10.2024 |
| 2410053HS | Starfsleyfi ný starfsemi | King Kong Söluturn - FVN ehf. | 800 | 15.10.2024 |
| 2410025HS | Starfsleyfi ný starfsemi - framleiðslu á lífrænum áburði úr fiskafurðum | Organic Bloom - IVM 2 ehf. | 815 | 07.10.2024 |
| 2410026HS | Starfsleyfi br. á starfsemi | Háskóli Íslands v Íþróttafræðasetur | 840 | 07.10.2024 |

Háskóli Íslands sækir um starfsleyfi vegna Íþróttafræðaseturs fyrir fullorðinsfræðslu og gistingu fyrir starfsmenn háskólans. Samkvæmt túlkun Umhverfisstofnunar þá er skólahúsnæðið, þ.e. sá hluti sem telst vera fræðasetur, starfsleyfiskylt en ekki gistingin, þar sem hún er einungis ætluð starfsmönnum háskólans. Ofangreind umsókn verður afgreidd í samræmi við niðurstöðuna.

Önnur ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

***Í auglýsingu:***

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

Rekstraraðili Eden mining ehf. gerði athugasemd við auglýst starfsleyfisskilyrði fyrir malarnámu við Sandfell, Ölfusi varðandi ísogsbúnað og var því breytt þannig: *„Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks í öllum vélum og tækjum, þ.m.t. efnisflutningabílum, sem*

*staðsett eru innan efnistökusvæðisins eða koma inn á það og ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og/eða eru með hydrolísk vökvakerfi.*"

Varðandi önnur auglýst starfsleyfisskilyrði þar sem engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum hafa þau starfsleyfi verið gefin út og auglýst á heimasíðu HSL.

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar:**

- Esja Gæðifæði kt. 7004043660, Bitruhálsi 2, vegna reksturs sláturhúss og kjötvinnslu að Suðurlandsvegi 8, 850 Hellu. Sjá slóð hér

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 27. desember 2024

- Borgarverk ehf., kt. 5406740279, Sólbakki 17-19, 310 Borgarnes, vegna efnistöku, allt að 40.000 rúmmetrar af um 2,4 ha svæði á efnistökusvæði E70 á Tungnaáreyrum, 851 Hella, á tímabilinu 1. janúar 2025 – 1. júní 2026, sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 20. desember 2024

- Orka náttúrunnar ohf., kt. 4711190830, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vegna borunar uppbótar vinnsluholu NJ-37 á vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar, Nesjavöllum, 805 Selfossi á tímabilinu 16. desember 2024 – 30. júní 2025, sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 10. desember 2024

- Bílaverkstæðið Rauðalæk, kt. 610696-2609, Lækjarbraut 4, 851 Hella, vegna reksturs bifreiðaverkstæðis, smurstöðvar og bílasprautuna að Lækjarbraut 4, 851 Hella. Sjá slóð hér:

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 28. nóvember 2024

- Bílaverkstæði Sigurjóns, kt. 510522-3030, Garðavegi 15, 900 Vestmannaeyjum, vegna reksturs bifreiðaverkstæðis og smurstöðvar að Garðavegi 15. Sjá slóð hér:

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 21. nóvember 2024

- Set ehf., kt. 6102780359, Eyravegi 41, 800 Selfoss, vegna framleiðslu hitaveitu-, vatnsveitu-, fráveitu- og rafmagnsröra úr plastefnum og stáli að Eyravegi 35, 37, 39, 41, 43-45, 47, 49 og Gagnheiði 1 og 7, 800 Selfoss. Sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 20. nóvember 2024

- Eden mining ehf., kt. 541008 1600, Ármúla 18, 108 Reykjavík, vegna efnistöku í Litla-Sandfelli, E4, í landi Breiðabólstaðar, 816 Ölfus. Sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 18. nóvember 2024

- Orka náttúrunnar ohf., kt. 4711190830, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vegna borunar uppbótar vinnsluhola NJ-35 og NJ-36 á vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar, Nesjavöllum, 805 Selfossi á tímabilinu 1. desember 2024 – 1. desember 2025, sjá slóð hér.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 24. október 2024

## b) Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2412004HS | Skráning Flugeldasýning 4. janúar 2025 við bakka Litlulaxá | Björgunarfélagið Eyvindur | 845 | 02.12.2024 |
| 2411164HS | Skráning Flugeldasýning landi Grafrar í Skaftártungu 31. desember 2024 | Björgunarsveitin Stjarnan | 881 | 29.11.2024 |
| 2411163HS | Skráning Flugeldasýning Víkurfjöru, vestast í Vík 31. desember 2024 | Björgunarsveitin Víkverji | 870 | 29.11.2024 |
| 2411162HS | Skráning Flugeldasýning í landi Herjólfsstaða 31. desember 2024 | Björgunarsveitin Lífgjöf | 880 | 29.11.2024 |
| 2411161HS | Skráning Flugeldasýning við Hotel ION, Grímsnes- og Grafningshreppi 31. desember 2024 | Hjálparsveitin Tintron | 805 | 29.11.2024 |
| 2411141HS | Skráning - Áramótabrenna í Þorlákshöfn 31. desember 2024 - stór | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 26.11.2024 |
| 0212004HS | Skráning - Flugeldasýning í Ölfusi 31. desember 2024 Svæði við hafnargarð | Björgunarfélagið Eyvindur | 845 | 2.12.2024 |
| 2411135HS | Skráning - Flugeldasýning í Þorlákshöfn 31. desember 2024 Svæði við hafnargarð | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 25.11.2024 |
| 2411134HS | Skráning Flugeldasýning Golfvöllurinn á Borg í Grímsnesi 31. desember 2024 | Hjálparsveitin Tintron | 805 | 25.11.2024 |
| 2411133HS | Skráning Flugeldasýning Goðaland í Fljótshlíð 4. janúar 2025 | Ungmennafélagið Þórsmörk | 861 | 25.11.2024 |
| 2411132HS | Skráning - Flugeldasýning Skógum 3. janúar 2025 | Ungmennafélagið Eyfellingur | 861 | 25.11.2024 |
| 2411131HS | Skráning - Flugeldasýning Kirkjubæjarklaustri 31. desember 2024 | Björgunarsveitin Kyndill | 880 | 25.11.2024 |
| 2411130HS | Skráning - Flugeldasýning Hellu 31. desember 2024 | Rangárþing ytra | 850 | 25.11.2024 |
| 2411129HS | Skráning - Flugeldasýning Hvolsvelli 31. desember 2024 | Rangárþing eystra | 860 | 25.11.2024 |
| 2411128HS | Skráning flugeldasýning Hveragerði 31. desember 2024 | Hveragerðisbær | 810 | 25.11.2024 |
| 2411138HS | Skráning starfsemi trésmíðaverkstæði | Kambar byggingavörur ehf. | 815 | 25.11.2024 |
| 2411116HS | Skráning endurnýjun - rakarastofa | Rakarastofa Björns/Kjartan ehf. | 800 | 22.11.2024 |
| 2411027HS | Skráning flugeldasýning 31. desember 2024 | Vestmannaeyjabær | 900 | 07.11.2024 |
| 2411026HS | Skráning endurnýjun | Sápustöðin ehf - bílaþvottastöð | 800 | 07.11.2024 |
| 2410105HS | Skráning, endurnýjun | Bílaverkstæðið Bragginn sf. | 900 | 31.10.2024 |
| 2410027HS | Skráning – Flugeldasýning 1. nóv 2024 við Hafið Bláa, Ölfusi | Ingimar Rafn Ágústsson | 816 | 08.10.2024 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2411135HS | Skráning - Flugeldasýning í Ölfusi 31. desember 2024 Svæði við hafnargarð | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 25.11.2024 |

Staðfesting afgreiðslu

## c) Brennuleyfi fyrir brennur undir 100 m³– umsagnir til sýslumanna

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2412017HS | Brennuleyfi - Breiðamörk ofan Grýluvallar 31. des 2024 | Hveragerðisbær | 810 | 12.11.2024 |
| 2412001HS | Áramótabrennur Laugarási, Laugarvatni og Reykholti | Bláskógabyggð | 806 | 02.12.2024 |
| 2412010HS | Brennuleyfi, Gesthús Selfossi, 31. des 2024 | Björgunarfélag Árborgar | 800 | 02.12.2024 |
| 2412012HS | Brennuleyfi, vestan megin við Arnarhólma (Hundagerði) Vestan við Kaðlastaði 31. des 2024 | Jason Orri Jakobsson | 825 | 02.12.2024 |
| 2412013HS | Brennuleyfi, Eyrarbakki, vestan megin við Hafnarbrú, 31. des 2024 | Ungmennafélag Eyrarbakka | 820 | 02.12.2024 |
| 2411171HS | Brennuleyfi Laugarási, Laugarvatni og Reykholti - Áramót 2024-5 | Bláskógabyggð | 806 | 29.11.2024 |
| 2411170HS | Brennuleyfi Þykkvabæ, 31. des 2024 | Rangárþing ytra | 850 | 29.11.2024 |
| 2411121HS | Brennuleyfi Rangárþing ytra, 31. des 2024 | Rangárþing ytra | 850 | 25.11.2024 |
| 2411122HS | Umsögn um Brennuleyfi, Hallgerðartúni, Hvolsvelli 31. des. 2024 | Rangárþing eystra | 860 | 25.11.2024 |
| 2411123HS | Umsögn um brennuleyfi Skógum, Rangárþingi eystra, 3. jan. 2025 | Rangárþing eystra | 860 | 25.11.2024 |
| 2411124HS | Umsögn um brennuleyfi Borg, Grímsnesi 31. desember 2024 < 100 m3 | Hjálparsveitin Tintron | 805 | 25.11.2024 |
| 2411125HS | Umsögn um brennuleyfi Goðalandi, Rangárþing eystra, 4. jan. 2025 | Rangárþing eystra | 860 | 25.11.2024 |
| 2411099HS | Brennuleyfi - Umsögn um brennu undir 100 m3 í landi Grafar í Skaftártungu | Björgunarsveitin Stjarnan | 881 | 18.11.2024 |
| 2411100HS | Brennuleyfi - Umsögn um brennu undir 100m3 Gaddstaðaflötum Hellu 31122024 | Rangárþing ytra | 850 | 18.11.2024 |
| 2411031HS | Brennuleyfi 31. des. 2024, umsögn | Vestmannaeyjabær | 900 | 07.11.2024 |

Staðfesting afgreiðslu

## d) Tóbakssöluleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2410054HS | Tóbakssöluleyfi | King Kong Söluturn - FVN ehf. | 800 | 15.10.2024 |

Staðfesting afgreiðslu

## e) Afturköllun / höfnun starfsleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2411126HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | Vorsabær Country Cottage - Hrafnhildur H Guðmundsdóttir | 804 | 25.11.2024 |
| 2411035HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | 360° hótel, Mosató 3 - 360 gráður ehf. | 803 | 07.11.2024 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2411002HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsleyfi skilað inn v eigendask og flutnings | Box800 - Alda Kristinsdóttir | 800 | 01.11.2024 |
| 2410078HS | Starfsemi hætti í desember - Snyrtistofan Ösp | Sandra Ösp Konráðsdóttir | 810 | 22.10.2024 |
| 2410058HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | Stakkur 1 ehf. | 804 | 16.10.2024 |
| 2410046HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | Auðkúla Hellu ehf. | 851 | 14.10.2024 |
| 2410021HS | Starfsleyfi hafnað vegna skipulags | Restora ehf. | | 7.10.2024 |

Staðfesting afgreiðslu

## f) Umsagnir til sýslumanna
## Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2412007HS | Rekstrarleyfi krá ný starfsemi, Sunnubraut 18 | Lindarfiskur ehf. | 870 | 2.12.2024 |
| 2411144HS | Rekstrarleyfi breyting | Laxá Lodge - Lyngheiði ehf. | 851 | 26.11.2024 |
| 2411143HS | Rekstrarleyfi gisting ný starfsemi | Berghylur ehf. | 846 | 26.11.2024 |
| 2411120HS | Rekstrarleyfi ný kennitala | G Harpa Fjárfesting ehf. | 850 | 25.11.2024 |
| 2411111HS | Rekstrarleyfi, afturköllun veitingaleyfis | Pizza 67 - Eyjakot ehf | 900 | 20.11.2024 |
| 2411102HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi Hlauphólar 7 | Hlauphólar ehf. | 805 | 18.11.2024 |
| 2411101HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi Hlauphólar 11 | Hlauphólar ehf. | 805 | 18.11.2024 |
| 2411059HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi Magnúsarbraut 2 | Blue View Cabins - Stök Gulrót ehf. | 806 | 13.11.2024 |
| 2411034HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Bær hf. | 880 | 07.11.2024 |
| 2411033HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Smart Teachers Play More ehf. | | 07.11.2024 |
| 2411032HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi Hlauphólar 3 | Hlauphólar ehf. | 805 | 07.11.2024 |
| 2411030HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi - Útleiga húss - Tunga Tungulækur - | Murtan veiðifélag ehf. | 881 | 07.11.2024 |
| 2411028HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Skaftholt,sjálfseignarstofnun | 804 | 07.11.2024 |
| 2411020HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi - Þorsteinshús | Skógafoss slf. | 861 | 05.11.2024 |
| 2410102HS | Rekstrarleyfi - sumarhús | Gisting Langirimi 28 - Aðalhús ehf. | 805 | 30.10.2024 |
| 2410067HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Gisting Þórðarbraut 2 - Þ2 ehf. | 806 | 18.10.2024 |
| 2410066HS | Rekstrarleyfi endurnýjun | Útleiga húss - Kross 1a - Sigurður Óli Sveinbjörnsson | 861 | 18.10.2024 |
| 2410059HS | Rekstrarleyfi - í bið vegna skipulags | útleiga orlofshúss - Dalasól ehf. | 806 | 16.10.2024 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2410045HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Bústjórabyggð 5, Istanbul Market ehf. | 805 | 14.10.2024 |
| 2411115HS | Tækifærisleyfi Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi – Gunnbjarnaholt | Friðrik Sigurbjörnsson | | 22.11.2024 |
| 2411106HS | Tækifærisleyfi – Hestamannafélagið Geysir | Rangárþing eystra | 860 | 20.11.2024 |
| 2411057HS | Umsögn um lengri opnun á áramótum, Lundinn. | Dalhraun 6 ehf | 900 | 12.11.2024 |
| 2411038HS | Tækifærisleyfi – Gamla Kartöflugeymslan | Björgvin Guðni Sigurðsson | 800 | 8.11.2024 |
| 2411001HS | Tækifærisleyfi – Óperutónleikar | Rangárþing eystra | 860 | 1.11.2024 |
| 2410057HS | Tækifærisleyfi Bingó | Systrakaffi ehf | 880 | 16.10.2024 |
| 2410029HS | Tækifærisleyfi – Októberfest | Rangárþing eystra | 860 | 8.10.2024 |

Afgreiðsla staðfest

## g) Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

*Skipulagsmál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2412018HS | Stóra-Hraun, fangelsi – Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 03.12.2024 |
| 2411157HS | Minna-Mosfell L168262, Öldusteinstún frístundabyggð, nr. 14232024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 28.11.2024 |
| 2411156HS | Deiliskipulag Skans og Skanshöfða, nr. 14292024 – Umsögn um deiliskipulag | Vestmannaeyjabær – umhv.og framkv.svið | 900 | 27.11.2024 |
| 2411154HS | Baðlón og hótel við Skansinn, nr. 14252024 – Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Vestmannaeyjabær – umhv.og framkv.svið | 900 | 27.11.2024 |
| 2411117HS | Deiliskipulag Eldfells, nr. 14092024 – Umsögn um deiliskipulag | Vestmannaeyjabær – umhv.og framkv.svið | 900 | 22.11.2024 |
| 2411096HS | Hestamannasvæði í Vík, nr. 10092024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps | 870 | 18.11.2024 |
| 2411084HS | Suðurbakki 3 L232548, nr. 13672024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 14.11.2024 |
| 2411083HS | Vesturhlíð L192153, Bíldsfell, frístundabyggð F16, verslunar-og þjónustusvæði VÞ5, nr. 13652024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 14.11.2024 |
| 2411079HS | Svínhagi L7A, nr. 13792024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411078HS | Lyngás, nr. 1364/2024 – Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411077HS | Ægissíða 1, landspilda A, nr. 1363/2024 – Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411076HS | Giljanes, nr. 1362/2024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411075HS | Meiri-Tunga 4, nr. 13602024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411074HS | Hái-Rimi 5, 6 og 7, nr. 13572024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411073HS | Hallstún spilda L203254, nr. 1352/2024 – | Skipulags- og byggingafulltrúi | 850 | 13.11.2024 |

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Umsögn um aðalskipulag | Rangárþings ytra | | |
| 2411072HS | Stekkatún 165446, stækkun VÞ36, nr. 1351/2024 – Umsögn um aðalskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411071HS | Hagi við Selfjall 2, nr. 13562024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411070HS | Bjálmholt, þjónusta, nr. 13582024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411069HS | Minni-Vellir, nr. 13662024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.11.2024 |
| 2411062HS | Miðgerði lóðir fyrir íbúðarhúsnæði, 13732024 – Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Vestmannaeyjabær – umhv.og framkv.svið | 900 | 13.11.2024 |
| 2411061HS | Strandvegur 89-97, breyting á skilmálum athafnasvæðis, nr. 13712024 – Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Vestmannaeyjabær – umhv.og framkv.svið | 900 | 13.11.2024 |
| 2411006HS | Akurgerði, nr. 13082024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 04.11.2024 |
| 2411005HS | Laxabraut 25-31. Nr. 13072024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 04.11.2024 |
| 2410111HS | Þorlákshafnarvegur, vegtengingar, nr. 13052024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 31.10.2024 |
| 2410110HS | Aðalskipulag Árborgar 2020-2032, breytingar II, nr. 09222024 – Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 31.10.2024 |
| 2410108HS | Minna-Mosfell L168262, breytt landnotkun, náma, nr. 1299/2024 – Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 31.10.2024 |
| 2410069HS | Hraunsland og Hraunstjörn, nr. 1248/2024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 21.10.2024 |
| 2410043HS | Hrafnkelsstaðir 3 L166764, nr. 12192024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 14.10.2024 |
| 2410042HS | Villingavatn, bátaskýli L237203, nr. 1218/2024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 14.10.2024 |
| 2410041HS | Hæðarendi lóð L168825, athafnasvæði, nr. 1217/2024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 14.10.2024 |
| 2410040HS | Útey 2 L167648, skilgreining svæða í frístundabyggð, nr. 12162024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 14.10.2024 |
| 2410039HS | Böðmóðsstaðir; Bjarkarhöfði L167731, nr. 12142024 – Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 14.10.2024 |
| 2410038HS | Hrafntinnusker, 1222/2024 – Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 14.10.2024 |
| 2410037HS | Hrafnhólmi og Hrafntóftir, nr. 12132024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 14.10.2024 |
| 2410036HS | Oddspartur, nr. 12112024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 14.10.2024 |
| 2410035HS | Norður Nýibær, nr. 1210/2024 – Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 14.10.2024 |
| 2410034HS | Minnivallanáma, efnistökusvæði E30, nr. 12092024 – Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 14.10.2024 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

*Umhverfismál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2411155HS | Þorlákshafnarlína 2, nr. 1433/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd | Skipulagsstofnun | 105 | 27.11.2024 |
| 2411060HS | Efnistaka við Kópsvatn í Hrunamannahreppi, nr. 13692024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd | Skipulagsstofnun | 105 | 13.11.2024 |
| 2410109HS | Ferðaþjónusta við Holtsós undir Eyjafjöllum, nr. 1269/2024 - Umsögn um kynningu matsáætlunar | Skipulagsstofnun | 105 | 31.10.2024 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

**h) Rekstraryfirlit**

Skjal í fundargögnum

**2. Afgreiðslur aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 1. nóvember 2024**

a. Aðalfundargerð lögð fram til kynningar og verður send aðildarsveitarfélögunum. Í samræmi við samþykkt um HSL var aðalfundinum kynnt skýrsla um liðið starfsár, endurskoðaðir reikningar og jafnframt kynnt tillaga að fjárhagsáætlun auk tillögu að gjaldskrá fyrir næsta starfsár. Í samræmi við umfjöllun aðalfundar samþykkir Heilbrigðisnefnd Suðurlands ofangreint sbr. gr. 2.4 í samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. Endurskoðaðir reikningar voru birtir sveitarfélögunum í samræmi við samþykkt, tillaga að fjárhagsáætlun var samþykkt og hefur þegar verið kynnt aðildarsveitarfélögunum. Vegna breyttra reglna um áætlanir og uppgjör sveitarfélaga, þar sem taka þarf öll byggðasamlög inn í áætlanir sveitarfélaga hefur fjárhagsáætlun HSL jafnframt verið send í slíka meðferð. Ný gjaldskrá HSL verður send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 5. mgr. 46. gr. laga nr. 7/1998.

b. Á aðalfundinum var umfjöllun frá fyrirtækinu Strategía um launagreiningu þar sem farið ítarlega yfir launamál embættisins og kom m.a. fram eftirfarandi: „*Grunnlaun eruí samræmivið starfaflokkun starfsfólks, Vel er haldið utan um menntunarálag starfsfólks samkvæmt kjarasamningi; Allt starfsfólk er með fasta yfirvinnu sem er greitt vegna yfirvinnu, fæðispeninga og ígildi dagpeninga; Enginn munur á milli almenns starfsfólks; Engin athugasemd gerð á launamun, óútskýrður launamunur er enginn.*“

Umræður urðu um fyrirkomulag aðalfundar HSL inni á Ársþingi SASS.
Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um tilhögun aðalfundar SASS og heilbrigðiseftirlits fyrir heilbrigðisnefnd.

**3. Úr eftirliti**

**a. Seljalandsfoss ehf. Rangárþingi eystra**

Til kynningar

**b. Birdland, Iceland, Selfossi**

Til kynningar – framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

**c. Furulundur, Bláskógabyggð**

Til kynningar

**4. Aðsend erindi:**

**a. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála stjórnsýslukæra frá Mýrdalshreppi um að heimila einn á vakt í sundlaug**

Til kynningar

**b. Undanþágubeiðni vegna sölu tóbaks**

**Umsókn frá verslun N1 Fríðarhöfn, Vestmannaeyjum um undanþágu frá lögum um tóbaksvarnir fyrir starfsfólk á aldrinum 16 til 18 ára.**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands mælir ekki með því að ungmennum á aldrinum 16-18 ára sé falin sú ábyrgð að afgreiða tóbak og þau sett í þá aðstöðu að þurfa að neita jafnöldrum og jafnvel eldri ungmennum um afgreiðslu tóbaks. Heilbrigðisnefnd Suðurlands synjar því erindinu, sem og öðrum sem kunna að berast þess efnis

**c. Gamla laugin, Flúðum – Beiðni um flokkun lauga**

Heilbrigðisnefnd flokkar baðstaði á sínu starfssvæði sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2015 um baðstaði í náttúrunni. Gamla laugin er í flokki 1 sbr. ofangreint. Umræddar laugar falla undir skilgreinguna afþreyingarlaugar sem skulu falla í 1. eða 2. flokk eins og núverandi laug.

**d. Reykjaböðin, Hveragerði**

Til kynningar

**e. Hestaleiga Alhestar, Þorlákshöfn**

Til kynningar.

**f. Álit Umhverfisstofnunar varðandi starfsleyfi fyrir jarðboranir**

Ítrekun á bókun á 233. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þar sem eftirfarandi var bókað:

*Í áliti UST kemur m.a. fram að með því að gefa út leyfi á fyrirtæki með þeirri kröfu að það tilkynni um staðsetningar á jarðborun sé verið að taka fyrir aðkomu almennings. Til frekari rökstuðnings bendir UST á að ákveðið var að tryggja aðkomu almennings að leyfisveitingarferlinu með því að gera jarðboranir ekki skráningarskyldar heldur starfsleyfisskyldar með fjögurra vikna auglýsingarfrest. Jafnframt vísar UST í lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, að s.k. vatnsholt skulu uppfylla umhverfismarkmið, skv. 3. kafla laganna sem eru nánar útfærð í vatnaáætlun. Samkvæmt 12. gr. laga um stjórn vatnamála má ástand vatnshlotsins ekki versna og eiga vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum um að minnsta kosti gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Telur Umhverfisstofnun að starfsleyfi fyrir jarðborun eigi að vera gefin út á framkvæmdina, þ.e. jarðborununarverkefnið á þeim stað sem það er áformað.*

*Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur að skýra þurfi betur hvar mörkin eru milli þess hvað eru rannsóknarholur og hvað eru vinnsluholur.*

**Heilbrigðisnefnd Suðurlands ítrekar ofangreint erindi.**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55

Guðrún S. Magnúsdóttir

Fjóla St. Kristinsdóttir

Oddur Árnason

Sigrún Guðmundsdóttir

Páll Tómasson

Kjartan Ólafsson

Örn Friðriksson

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir
Tími: 03.12.2024 16:21
Undirrita skjal úr OneCRM
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson
Kennitala: 0211535599
Tími: 03.12.2024 16:38
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Kennitala: 2702725849
Tími: 03.12.2024 16:45
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 03.12.2024 18:38
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 03.12.2024 19:18
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Örn Friðriksson
Kennitala: 1201594379
Tími: 03.12.2024 20:33
Samþykkt
Undirritað með OneSign

FUNDARGERÐ

| SKJALALYKILL | VERKHEITI |
|---|---|
| 7852-002-FUN-029-V01 | Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022 - 2042 |
| **DAGS. / TÍMI FUNDAR** | **VERKKAUPI** |
| 25.10.2024 | SASS |
| **NR. FUNDAR** | **FUNDAREFNI** |
| 29 | Erindi Innviðaráðuneytisins vegna staðfestingar Svæðisskipulagsins |

| FUNDARGERÐ | | FUNDARBOÐARI | FUNDARSTAÐUR |
|---|---|---|---|
| 25.10.2024 | HRB | SASS | Fjarfundur |

| FUNDARFÓLK | SVEITARFÉLAG / FYRIRTÆKI |
|---|---|
| Arnar Freyr Ólafsson | Árborg |
| Ísleifur Jónasson | Ásahreppur |
| Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir | Bláskógabyggð |
| Árni Eiríksson | Flóahreppur |
| Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kristinn Pálmarsson | Grímsnes- og Grafningshr. |
| Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason | Hrunamannahreppur |
| Jóhannes Gissurarson | Skaftárhreppur |
| Haraldur Þór Jónsson | Skeiða- og Gnúpverjahreppur |
| Anton Kári Halldórsson, Bjarki Oddson | Rangárþing eystra |
| Gunnar Aron Ólafsson, | Rangárþing ytra |
| Einar Freyr Elínarson | Mýrdalshreppur |
| | |
| Skipulagsf. | |
| Haraldur Birgir Haraldsson | Rangárþing ytra |
| Vigfús Þór Hróbjartsson | UTU |
| Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Ásgeir Jónsson | Verkfræðistofan EFLA |
| Bjarni Guðmundsson | SASS |

| Dreifing | Fyrirtæki |
|---|---|
| Bjarni Guðmundsson | SASS |

| Fundarskjöl | Næsti fundur |
|---|---|
| Erindi Innviðaráðuneytis- afstaða Svæðisskipulagsnefndar | Ekki dagsettur |

**Dagskrá og efni fundar**

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 28. fundar og telst hún samþykkt.

1. **Sjónarmið Svæðisskipulagsnefndar vegna tillögu Skipulagsstofnunar til Innviðaráðuneytisins um að synja beri staðfestingu svæðisskipulagsins.**

Farið var yfir samþykktarferli Svæðisskipulagsins.

Svæðisskipulagsnefnd hafnar því áliti Skipulagsstofnunar að ágallar séu á samþykktu Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042 þar sem það víki verulega frá landsskipulagsstefnu og að því sé ekki unnt að staðfesta svæðisskipulagið að óbreyttu. Ekki er fallist á það með Skipulagsstofnun að stefna svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu vega og flokkun ferðaþjónustustaða víki í grundvallaratriðum frá Landsskipulagsstefnu 2015-2026 (fylgiskjal), sem var í gildi við gerð og staðfestingu skipulagsins, eða nýsamþykktri Landsskipulagsstefnu 2024-2038 (fylgiskjal). Þá er ljóst að sveitarstjórn er heimilt að víkja frá landsskipulagsstefnu við gerð svæðisskipulags svo lengi sem gerð er rökstudd grein fyrir slíku fráviki, sbr. 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, enda er landsskipulagsstefna ekki bindandi fyrir sveitarstjórnir. Hugsanleg frávik stefnu Svæðisskipulags Suðurhálendis frá landsskipulagsstefnu, sem eru rökstudd ítarlega af hálfu svæðisskipulagsnefndar í greinargerð svæðisskipulagsins og umhverfismatsskýrslu, geta því engan veginn leitt til þess að form- eða efnisgallar teljist vera á skipulaginu. Svæðisskipulagsnefnd telur því ljóst að engir form- eða efnisgallar hafi verið á afgreiðslu nefndarinnar eða gerð svæðisskipulagsins. Þannig er ekki til staðar nein lagaheimild fyrir ráðherra til að synja staðfestingar á skipulaginu.

Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirfarið erindi Skipulagsstofnunar til Innviðaráðuneytisins frá 19. ágúst með tilliti til ofangreinds, og hefur tekið saman minnisblað með sjónarmiðum sínum dags. 25. október 2024. Svæðisskipulagsnefnd samþykkir minnisblaðið einróma og felur starfsmanni SASS að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

**Næstu skref**

BG hjá SASS falið að koma sjónamiðum Svæðisskipulagsnefndar til Innviðaráðuneytisins.

BG hjá SASS falið að koma sjónarmiðum Svæðisskipulagsnefndar til sveitarstjórna sem að Svæðisskipulaginu standa.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið
B.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar, ráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

28. október 2024

**Efni:** Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042

Svæðisskipulagsnefnd hefur borist erindi Innviðaráðuneytisins, dags. 17. september 2024, þar sem óskað er umsagnar svæðisskipulagsnefndar um erindi Skipulagsstofnunar, dags. 19. ágúst 2024, þar sem staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 er vísað til ákvörðunar ráðherra samkvæmt 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun telur að synja beri staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 vegna þess að tiltekin stefna og útfærsla svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða og uppbygging á þeim víki í grundvallaratriðum frá stefnu stjórnvalda í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, og fyrri landsskipulagsstefnu, varðandi eðli landnotkunar á miðhálendinu og verndun víðerna og verðmætra landslagssvæða.

Svæðisskipulagsnefnd fjallaði um erindi Innviðaráðuneytisins á fundi sínum 25. október 2024.

Í meðfylgjandi umsögn Svæðisskipulagsnefndar hafnar hún því áliti Skipulagsstofnunar að ágallar séu á samþykktu Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042 sem leiði til þess að ekki sé unnt að staðfesta svæðisskipulagið að óbreyttu. Ekki er fallist á það með Skipulagsstofnun að stefna svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu vega og flokkun ferðaþjónustustaða víki í grundvallaratriðum frá Landsskipulagsstefnu 2024-2038, og fyrri landsskipulagsstefnu. Þá er ljóst að sveitarstjórn er heimilt að víkja frá landsskipulagsstefnu við gerð svæðisskipulags svo lengi sem gerð er rökstudd grein fyrir slíku fráviki, sbr. 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, enda er landsskipulagsstefna ekki bindandi fyrir sveitarstjórnir. Hugsanleg frávik stefnu Svæðisskipulags Suðurhálendis frá landsskipulagsstefnu, sem eru rökstudd ítarlega af hálfu svæðisskipulagsnefndar í greinargerð svæðisskipulagsins og umhverfismatsskýrslu, geta því engan veginn leitt til þess að form- eða efnisgallar teljist vera á skipulaginu. Svæðisskipulagsnefnd telur því ljóst að engir form- eða efnisgallar hafi verið á afgreiðslu nefndarinnar eða gerð svæðisskipulagsins. Þannig er ekki til staðar nein lagaheimild fyrir ráðherra til að synja staðfestingar á skipulaginu.

Umsögn Svæðisskipulagsnefndar fylgir hér með.

Fyrir hönd Svæðisskipulagsnefndar Suðurhálendis

Eftir umboði

Bjarni Guðmundsson

Bjarni Guðmundsson





25.10.2024

## Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042

Svæðisskipulagsnefnd hefur borist erindi Innviðaráðuneytisins þar sem leitað er umsagnar nefndarinnar um erindi Skipulagsstofnunar til Innviðaráðuneytisins dags. 19. ágúst 2024 (sjá fylgiskjal) þar sem Skipulagsstofnun leggur til að ráðherra synji staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 á þeim grundvelli að tiltekin stefna og útfærsla svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða og uppbyggingu á þeim víki í grundvallaratriðum frá stefnu stjórnvalda í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, og fyrri landsskipulagsstefnu, varðandi eðli landnotkunar á miðhálendinu og verndun víðerna og verðmætra landslagssvæða.

Hér verður gerð grein fyrir sjónarmiðum nefndarinnar um erindi Skipulagsstofnunar, þar sem lýst er því mati stofnunarinnar að synja beri staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042. Niðurstaða Skipulagsstofnunar í erindi stofnunarinnar til Innviðaráðuneytisins þann 19. ágúst 2024 er eftirfarandi:

> Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að tiltekin stefna og útfærsla svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða og uppbyggingu á þeim víki í grundvallaratriðum frá stefnu stjórnvalda í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, og fyrri landsskipulagsstefnu, varðandi eðli landnotkunar á miðhálendinu og verndun víðerna og verðmætra landslagssvæða. Þar er ekki um að ræða minniháttar frávik eða nánari útfærslu heldur breyttar áherslur sem þarf að greina heildstætt og móta stefnu um fyrir miðhálendið í heild sinni ásamt mati á samlegðaráhrifum stefnunnar, áður en ákvarðanir eru teknar fyrir hluta þess. Að mati Skipulagsstofnunar er stefna svæðisskipulagsins um stofnvegi og ferðaþjónustustaði ekki nægilega undirbyggð. Ljóst er að frekari útfærsla stefnunnar á neðri skipulagsstigum er m.a. háð niðurstöðu heildstæðrar greiningarvinnu og í kjölfarið stefnumótunar sem kveðið er á um í aðgerðaráætlun með landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2028. Þá hefur svæðisskipulagsnefnd ekki fært skýr rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu varðandi ofangreinda þætti, að mati Skipulagsstofnunar, líkt og kveðið er á um í 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga: *„Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun."* Ennfremur ríkir óvissa um áhrif stefnunnar m.a. á óbyggðaupplifun,

Borgartúni 7b | Sími 595 4100 | www.skipulag.is
IS-105 Reykjavík | Kennitala 590269 5149 | skipulag@skipulag.is

> **náttúrugæði og á samgöngur og áhrifin sögð háð útfærslu stefnunnar að því er fram kemur í umhverfismatsskýrslu hennar.**
>
> **Með hliðsjón af ofangreindu telur Skipulagsstofnun ekki tímabært að leggja fram stefnu í svæðisskipulagi um breytingar eða útfærslur á þessum þáttum sem víkja frá þeirri skipulagsleiðsögn sem sett er fram í landsskipulagsstefnu. Að mati Skipulagsstofnunar er ekki unnt að staðfesta svæðisskipulagið að óbreyttu og vísar staðfestingu þess hér með til ákvörðunar ráðherra skv. 5. mgr. 25. gr. skipulagslaga þar sem hún víkur verulegra frá landsskipulagsstefnu eins og að framan greinir, sem leiðir til þess að um er að ræða form og efnisgalla á skipulagsáætluninni. Skipulagsstofnun telur að synja beri staðfestingu svæðisskipulagsins.**

Svæðisskipulagsnefnd hafnar því áliti Skipulagsstofnunar að ágallar séu á samþykktu Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042 þar sem það víki verulega frá landsskipulagsstefnu og að því sé ekki unnt að staðfesta svæðisskipulagið að óbreyttu. Ekki er fallist á það með Skipulagsstofnun að stefna svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu vega og flokkun ferðaþjónustustaða víki í grundvallaratriðum frá Landsskipulagsstefnu 2015-2026 (fylgiskjal), sem var í gildi við gerð og staðfestingu skipulagsins, eða nýsamþykktri Landsskipulagsstefnu 2024-2038 (fylgiskjal). Þá er ljóst að sveitarstjórn er heimilt að víkja frá landsskipulagsstefnu við gerð svæðisskipulags svo lengi sem gerð er rökstudd grein fyrir slíku fráviki, sbr. 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, enda er landsskipulagsstefna ekki bindandi fyrir sveitarstjórnir. Hugsanleg frávik stefnu Svæðisskipulags Suðurhálendis frá landsskipulagsstefnu, sem eru rökstudd ítarlega af hálfu svæðisskipulagsnefndar í greinargerð svæðisskipulagsins og umhverfismatsskýrslu, geta því engan veginn leitt til þess að form- eða efnisgallar teljist vera á skipulaginu. Svæðisskipulagsnefnd telur því ljóst að engir form- eða efnisgallar hafi verið á afgreiðslu nefndarinnar eða gerð svæðisskipulagsins. Þannig er ekki til staðar nein lagaheimild fyrir ráðherra til að synja staðfestingar á skipulaginu.

Í köflum 1-3 verða gerðar athugasemdir við nánar tilgreind efnisatriði sem fram koma í erindi Skipulagsstofnunar til Innviðaráðuneytisins frá 19. ágúst 2024, sbr. einnig erindi Skipulagsstofnunar til svæðisskipulagsnefndar frá 19. júní 2024, en að mati svæðisskipulagsnefndar fær niðurstaða Skipulagsstofnunar ekki staðist nánari skoðun. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélaga og er landsskipulagsstefna ekki bindandi við gerð skipulagsáætlana samkvæmt skipulagslögum. Leiða rökstudd frávik frá landsskipulagsstefnu því ekki til þess að form- eða efnisgallar séu á skipulagsáætluninni þannig að henni verði synjað staðfestingar. Þá telur svæðisskipulagsnefnd að afgreiðsla Skipulagsstofnunar frá 19. júní 2024 fari í bága við meðalhófsreglu enda er hún ekki í eðlilegu samhengi við markmið skipulagslöggjafarinnar og skipulagsvald sveitarfélaganna. Enn fremur mótmælir svæðisskipulagsnefnd þeim skilyrðum sem Skipulagsstofnun setti fyrir staðfestingu svæðisskipulagsins í afgreiðslu sinni frá 19. júní 2024 (sjá fylgiskjal), um að settir verði fyrirvarar um endurskoðun í skipulagið vegna framvinduverkefna samkvæmt nýsamþykktri fimm ára aðgerðaáætlun og að beðið verði með að innleiða stefnuna í skipulagsáætlanir sveitarfélaganna og veita framkvæmdaleyfi á grundvelli hennar þar til endurskoðun hennar er lokið, enda fá þau skilyrði enga stoð í lögum. Þá voru auk þess ágallar á málsmeðferð Skipulagsstofnunar við athugun stofnunarinnar á tillögu að Svæðisskipulagi Suðurhálendis fyrir auglýsingu þess. Fjallað verður um þessi atriði í köflum 4-8 hér að neðan.

Til skýringar er farið yfir ferli við málsmeðferð Svæðisskipulags Suðurhálendis í viðauka við umsögn þessa.





Fylgiskjöl með umsögn þessari eru eftirfarandi:

- Erindi Skipulagsstofnunar til Innviðaráðuneytis frá 19. ágúst 2024.
- Afgreiðsla Skipulagsstofnunar frá 19. júní 2024.
- Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð, sjá líka hér.
- Landsskipulagsstefna 2024-2038 ásamt aðgerðaráætlun og nefndaráliti, sjá líka hér.
- Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt aðgerðaráætlun (tillaga).
- Mannvirki á miðhálendinu, skýrsla Skipulagsstofnunar 2018.
- Ákvörðun um matsskyldu, Geldingafell skálasvæði 2020-12-15.
- Athugun Skipulagsstofnunar á tillögu að Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042, dags 6. október 2023.
- Fundargerð 26. Fundar Svæðisskipulagsnefndar dags 23. október 2023.
- Umsögn Skipulagsstofnunar við drög að skipulagslýsingu frá 16. mars 2021.
- Umsögn Skipulagsstofnunar við skipulagslýsingu frá 2. september 2021.
- Fundargerð 10. fundar Svæðisskipulagsnefndar.
- Viðbrögð Svæðisskipulagsnefndarvið umsögnum við vinnslutillögu, skjal 7852-002-MIN-002-V04
- Viðbrögð Svæðisskipulagsnefndar við umsögnum við auglýsta tillögu, skjal 7852-002-MIN-003-V01
- Skipulagslýsing, vinnslutillaga, tillaga til auglýsingar og tillaga til staðfestingar eru aðgengilegar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar hér https://skipulagsgatt.is/issues/2023/862. Þar fylgja umhverfismatsskýrslur tillögum og landslagsgreining. Þar eru allar umsagnir sem borist hafa og skjöl þar sem farið er yfir þær og viðbrögð við þeim

Svæðisskipulagsnefnd ítrekar að Svæðisskipulag Suðurhálendis er unnið í samstarfi 11 sveitarfélaga á Suðurlandi, sem fara með skipulagsvald á svæðinu, sbr. 3. gr. skipulagslaga. Með því að leggja til við Innviðaráðherra að skipulagið verði ekki staðfest er Skipulagsstofnun þannig að fara gegn stefnumótun umræddra ellefu sveitarfélaga og samþykktum sveitarstjórna þeirra. Telur svæðisskipulagsnefnd að ráðherra beri að hafa þetta í huga er hann metur hvort staðfesta beri svæðisskipulagið eða synja staðfestingu þess.

1. **Yfirferð Skipulagsstofnunar á Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042 með hliðsjón af samræmi við Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.**

**Sjónarmið Skipulagsstofnunar**

Í erindi Skipulagsstofnunar til Innviðaráðuneytisins frá 19. ágúst 2024 (sjá fylgiskjal) segir:

> **Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn með tilliti til forms og efnis og með hliðsjón af samræmi við gildandi Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 sem samþykkt var á Alþingi þann 16. maí 2024.**

Skipulagsstofnun grundvallar erindi sitt til ráðherra frá 19. ágúst 2024 og afgreiðslu sína þann 19. júní 2024 (sjá fylgiskjal) á yfirferð sinni á Svæðisskipulagi Suðurhálendis með tilliti til nýsamþykktrar þingsályktunar um Landsskipulagstefnu 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2038.

Telur Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 vegna þess að tiltekin stefna og útfærsla svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða og uppbyggingu á þeim víki í grundvallaratriðum frá stefnu stjórnvalda í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, og fyrri landsskipulagsstefnu, varðandi eðli landnotkunar á miðhálendinu og verndun víðerna og verðmætra landslagssvæða. Þá virðist fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, sem var samþykkt á Alþingi ásamt Landsskipulagsstefnu 2024-2038 þann 16. maí 2024, hafa verulega þýðingu fyrir mat Skipulagsstofnunar og kröfur stofnunarinnar um fyrirvara sem hún telur að setja þurfi í skipulagið svo að unnt sé að staðfesta það.

**Sjónarmið og umsögn Svæðisskipulagsnefndar**

Svæðisskipulagsnefnd hafnar því alfarið að Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042 sé yfirfarið með tilliti til nýrrar þingsályktunar um Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 sem samþykkt var á Alþingi 16. maí 2024. Þá þegar hafði Svæðisskipulagsnefnd lagt Svæðisskipulag Suðurhálendis til Skipulagsstofnunar til staðfestingar með erindi dags. 23. apríl 2024 í samræmi við 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga, og voru erindið og fylgigögn lögð inn á Skipulagsgátt 24. apríl 2024. Tillaga að svæðisskipulaginu var auglýst í lok árs 2023 og fram til 19. janúar 2024. Að auglýsingu lokinni var svæðisskipulagstillagan samþykkt í svæðisskipulagsnefnd þann 27. febrúar 2024 og samþykkt í öllum sveitarfélögunum 11 sem eiga aðild að því á tímabilinu frá 6. mars til 8. apríl 2024, eftir að brugðist hafði verið við þeim athugasemdum sem fram höfðu komið. Gerð svæðisskipulags, kynning og samráð, kynning lýsingar, kynning vinnslutillögu, athugun Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu, auglýsing tillögu, afgreiðsla ellefu sveitarfélaga að lokinni auglýsingu og samþykkt hlutaðeigandi sveitarstjórna á Svæðisskipulaginu var þannig lokið, í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum, þegar ný landsskipulagsstefna var samþykkt á Alþingi þann 16. maí 2024. Við gerð og undirbúning svæðisskipulagsins gátu sveitarfélögin því ekki tekið mið af þeirri landsskipulagsstefnu.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að Svæðisskipulag Suðurhálendis var unnið í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem var í gildi á vinnslutíma tillögunnar, í formlegu skipulagsferli tillögunnar og þegar sveitarfélögin ellefu samþykktu endanlega Svæðisskipulag Suðurhálendis í sveitarstjórnum sínum að lokinni auglýsingu tillögunnar.

Það er fráleit stjórnsýsla af hálfu Skipulagsstofnunar að grundvalla niðurstöðu sína um að synja beri staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 á Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og aðgerðaáætlun með henni, sem var samþykkt af Alþingi eftir að sveitarfélögin ellefu samþykktu svæðisskipulagið í sveitarstjórnum sínum og eftir að auglýsingatíma svæðisskipulagstillögunnar lauk þann 19. janúar 2024. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga segir að við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum skuli





sveitarstjórnir taka mið af *gildandi* landsskipulagsstefnu. Nýsamþykkt landsskipulagsstefna getur hins vegar ekki gilt með afturvirkum hætti um skipulagsáætlanir sem voru samþykktar endanlega af sveitarstjórnum áður en landsskipulagsstefnan tók gildi.

Í 10. gr. skipulagslaga kemur auk þess fram að sveitarfélög „skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar". Það er því á ábyrgð og valdi sveitarfélaganna að samræma og útfæra landsskipulagsstefnu í skipulagsáætlunum sínum eftir að hún hefur verið samþykkt. Að Skipulagsstofnunun leggi þingsályktun um Landsskipulagsstefnu 2024-2038 til grundvallar niðurstöðu sinni um að synja beri staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 hefur enga stoð í skipulagslögum.

Þá er í 26. gr. skipulagslaga sérstaklega mælt fyrir um málsmeðferð sem sveitarfélögum ber að viðhafa við endurskoðun svæðisskipulags. Samkvæmt ákvæðinu skal svæðisskipulagsnefnd að loknum sveitarstjórnarkosningum „koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs svæðisskipulags væri að ræða. Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu. Skal ákvörðun svæðisskipulagsnefndar að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt Skipulagsstofnun jafnskjótt og hún liggur fyrir."

Næstu sveitarstjórnarkosningar verða árið 2026 og þá væri eðlilegt að Svæðisskipulagsnefnd myndi meta hvort ástæða væri til að endurskoða Svæðisskipulagið með hliðsjón af Landsskipulagsstefnu 2024-2038, í samræmi við það sem ráðgert er í 26. gr. skipulagslaga. Engin stoð er fyrir því í lögum að synja um staðfestingu á Svæðisskipulagi Suðurhálendis á grundvelli landsskipulagsstefnu og aðgerðaáætlunar sem tók gildi eftir lokaafgreiðslu sveitarfélaganna ellefu sem að skipulaginu standa. Verður því að hafna öllum röksemdum Skipulagsstofnunar sem byggja á því að svæðisskipulag sé ekki í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2024-2038 eða fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Á sama hátt verður að hafna kröfum Skipulagsstofnunar um setningu fyrirvara sem lúta að framfylgdarverkefnum samkvæmt umræddri aðgerðaáætlun, en nánar verður vikið að því atriði í kafla 6 hér að neðan.

2. **Nýjar kröfur landsskipulagsstefnu 2024-2038 á sveitarfélög varðandi gagnaöflun og áherslur skipulagsvinnu**

**Sjónarmið Skipulagsstofnunar**

Í afgreiðslu Skipulagsstofnunar dags. 19. júní 2024 (sjá fylgiskjal) á Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042 kemur eftirfarandi fram:

> **Í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er sett fram leiðarljós um áherslur í skipulagsmálum til útfærslu í skipulagsáætlunum sveitarfélaga en það er síðan á valdi og á ábyrgð sveitarstjórna að útfæra stefnuna eins og þær telja eiga best við innan sinnar skipulagslögsögu og í samvinnu við önnur sveitarfélög þegar þannig háttar til. Í ákveðnum tilvikum kann landsskipulagsstefna þó að setja nýjar kröfur á sveitarfélög varðandi gagnaöflun og áherslur í skipulagsvinnu og því eru settar fram aðgerðir sem miða að því að útvega sveitarfélögum til þess þær verkfæri ásamt bestu fáanlegu gögnum hverju sinni.**

**Sjónarmið Svæðisskipulagsnefndar**

Í ljósi þess að Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042 var unnið í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem var í gildi á þeim tíma sem svæðisskipulagið var unnið og samþykkt af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þá hafnar svæðisskipulagsnefnd því að Svæðisskipulagið sé yfirfarið miðað við þingsályktun um Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og fimm ára aðgerðaáætlun, þar sem þingsályktunin var samþykkt eftir að Svæðisskipulagið var samþykkt í þeim ellefu sveitarstjórnum sem eiga aðild að skipulaginu.

Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að skipulagsvaldið er sveitarfélaganna og telur að Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042 sé einmitt dæmi um stefnu sem hefur verið útfærð eins og níu sveitarfélög telja best innan sinnar lögsögu og í samvinnu við tvö önnur sem hafa þar sterkra hagsmuna að gæta. Hafa sveitarfélögin víðtækt svigrúm við útfærslu sína á slíku skipulagi.

Skipulagsstofnun virðist velta því upp hvort að Landsskipulagsstefna 2024-2038 sé að setja nýjar kröfur á sveitarfélög „varðandi gagnaöflun og áherslur í skipulagsvinnu" með því að setja fram „aðgerðir sem miða að því að útvega sveitarfélögum til þess bær verkfæri ásamt bestu fáanlegu gögnum hverju sinni". Svæðisskipulagsnefnd tekur undir að niðurstaða verkefna úr aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 geti orðið gagnleg fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga framvegis, en hafnar því algjörlega að sveitarfélögin þurfi að bíða eftir niðurstöðu úr þeim aðgerðum og skjóta gerð og framfylgd skipulagsáætlana sinna á frest þar til slíkar niðurstöður liggja fyrir. Þá mótmælir svæðisskipulagsnefnd því harðlega að Skipulagsstofnun taki sér það vald að setja það skilyrði fyrir staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis að gildistöku stefnumótunar verði frestað þangað til gagnaöflun skv. aðgerðaráætlun Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er lokið, eins og stofnunin gerði í afgreiðslu sinni frá 19. júní 2024. Sveitarfélög munu hér eftir sem hingað til móta stefnu sína skv. bestu fáanlegu gögnum hverju sinni <u>en geta ekki mótað stefnu sína út frá niðurstöðum verkefna sem ekki hafa verið unnin,</u> eins og Skipulagsstofnun fór fram á að þau myndu gera í afgreiðslu stofnunarinnar frá 19. júní 2024.

## 3. Samræmi stefnu Svæðisskipulags Suðurhálendis við Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og áðurgildandi landsskipulagsstefnu 2015-2026.

**Sjónarmið Skipulagsstofnunar**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að „stefna og útfærsla svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða og uppbyggingu á þeim víki í grundvallaratriðum frá stefnu stjórnvalda í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, og fyrri landsskipulagsstefnu, varðandi eðli landnotkunar á miðhálendinu og verndun víðerna og verðmætra landslagssvæða." Það er einnig niðurstaða stofnunarinnar að Svæðisskipulagsnefnd hafi ekki fært skýr rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu hvað varðar stefnu um stofnvegi með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða, svo og að stefna svæðisskipulagsins sé ekki nægilega undirbyggð, sbr. hjálagt bréf stofnunarinnar til Innviðaráðuneytisins frá 19. ágúst 2024 (fylgiskjal) og eftirfarandi tilvísun:





**Niðurstaða Skipulagsstofnunar**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að tiltekin stefna og útfærsla svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða og uppbyggingu á þeim víki í grundvallaratriðum frá stefnu stjórnvalda í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, og fyrri landsskipulagsstefnu, varðandi eðli landnotkunar á miðhálendinu og verndun víðerna og verðmætra landslagssvæða. Þar er ekki um að ræða minniháttar frávik eða nánari útfærslu heldur breyttar áherslur sem þarf að greina heildstætt og móta stefnu um fyrir miðhálendið í heild sinni ásamt mati á samlegðaráhrifum stefnunnar, áður en ákvarðanir eru teknar fyrir hluta þess. Að mati Skipulagsstofnunar er stefna svæðisskipulagsins um stofnvegi og ferðaþjónustustaði ekki nægilega undirbyggð. Ljóst er að frekari útfærsla stefnunnar á neðri skipulagsstigum er m.a. háð niðurstöðu heildstæðrar greiningarvinnu og í kjölfarið stefnumótunar sem kveðið er á um í aðgerðaráætlun með landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2028. Þá hefur svæðisskipulagsnefnd ekki fært skýr rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu varðandi ofangreinda þætti, að mati Skipulagsstofnunar, líkt og kveðið er á um í 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga: *„Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun."* Ennfremur ríkir óvissa um áhrif stefnunnar m.a. á óbyggðaupplifun,

**Sjónarmið Svæðisskipulagsnefndar í Svæðisskipulagi Suðurhálendis um uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu.**

Svæðisskipulagsnefnd hafnar því að stefna svæðisskipulagsins um stofnvegi sé ekki nægilega vel undirbyggð. Hún er byggð á bestu fáanlegu gögnum sem fyrir lágu við gerð svæðisskipulagsins, svo og á ítarlegu mati svæðisskipulagsnefndar og þeirra 11 sveitarfélaga sem stóðu að gerð skipulagsins. Svæðisskipulagsnefnd hafnar því að hún hafi ekki fært fram skýr rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi. Þvert á móti eru færð fram skýr rök fyrir þeirri stefnu, sem byggir m.a. á stefnu sveitarfélaganna í staðfestum aðalskipulögum, sem taka til þess svæðis þar sem vegirnir liggja, og niðurstöðu ellefu sveitarfélaga á Suðurlandi eftir ferli stefnumótunar Svæðisskipulagsins.

Svæðisskipulagsnefnd hefur ítarlega gert grein fyrir hugsanlegu ósamræmi stefnu svæðisskipulagsins við landsskipulagsstefnu og gert rökstudda grein fyrir ástæðum þess ósamræmis. Umfjöllun um það er einkum að finna á bls. 17-20 í greinargerð svæðisskipulagsins og í umhverfismatsskýrslu bls. 29-33, 62-63, 69-70, og 74.

Yfirlit yfir leiðarljós fyrir stefnu um vegi er í kafla 3.1. í greinargerð svæðisskipulagsins, bls 16, sjá hér:

> *Stofnvegir og tengivegir um Suðurhálendið verði opnir almennri umferð yfir sumartímann. Gert er ráð fyrir að vegirnir séu hóflega uppbyggðir sumarvegir, falli vel að landslagi og séu ekki hannaðir fyrir vöruflutninga á milli landshluta.*
>
> *Áhersla er á að öll vélknúin umferð sé á skilgreindum vegum og slóðum. Göngu-, hjóla- og reiðleiðir verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi Suðurhálendisins.*

Stefna í Svæðisskipulagi Suðurhálendis um uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi er á bls. 17 í greinargerð, sjá hér:

> Áhersla er lögð á að byggja Kaldadalsveg, Kjalveg, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri upp úr landinu. Stofnvegir verði að jafnaði með klæðningu og ár og lækir brúaðir. Ekki er gert ráð fyrir að Fjallabaksleið nyrðri verði með klæðningu austan Landmannalauga. Tengivegi skal byggja lítillega upp og skulu þeir falla vel að landslagi.

> Skipulagsákvæði um vegi taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Hönnun vega skal taka mið af landslagsvernd og svæðum með hátt verndargildi.

> Við hönnun vega verði hugað sérstaklega að umferðaröryggi og náttúruvá, s.s. í tengslum við möguleg hamfaraflóð í byggð vegna eldgoss undir jökli.

> Við mannvirkjagerð skal hafa sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði að leiðarljósi með áherslu á verndun víðerna, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda. Leitast skal við að vegir fylgi línum í landinu, hryggjum og hæðum. Móta skal hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi sem taki mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru og að mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.

> Jarðefni og annað efni sem nýtt er í vegaframkvæmdir skal nýtt á ábyrgan hátt. Efnistökusvæði skulu, eftir því sem kostur er, vera í nágrenni vegstæðis og ekki á svæðum sem hafa hátt verndargildi. Efnistökusvæði skulu vera í samræmi við aðalskipulag.

Samkvæmt stefnu svæðisskipulagsins er þannig gert ráð fyrir því að stofnvegir verði „að jafnaði" með klæðningu og að tengivegir verði byggðir lítillega upp og að þeir falli vel að landslagi. Gert er ráð fyrir því að hönnun vega sem sumarvega taki mið af landslagsvernd og svæðum með hátt verndargildi, svo og umferðaröryggi og vernd gegn náttúruvá. Þá skuli lögð áhersla á verndun víðerna við gerð samgöngumannvirkja. Leitast skuli við að hálendisvegir fylgi línum í landinu og hönnun þeirra skal taka mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru, svo og að mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.





Svæðisskipulagsnefnd vill vekja athygli á því að stefna skipulagsins um stofnvegi felur ekki í sér lagningu nýrra stofnvega heldur er eingöngu verið að vinna að greiðfærni þeirra stofnvega sem fyrir eru, en um leið kveðið á um að fella skuli vegina að landslagi, að opnunartími taki mið af ástandi vega og svæða á hálendinu þannig að landið og náttúran verði ekki fyrir tjóni, að skipulagsákvæði um vegi taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða, að vegir og umferð um þá skuli hafa lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun, og að hönnun vega skuli taka mið af landslagsvernd og svæðum með hátt verndargildi.

Athygli er vakin á því að hvergi í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 né í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er tekin afstaða til þess hvort stofnvegir á hálendi skuli vera lagðir bundnu slitlagi eða ekki og er þannig engan veginn komið í veg fyrir slíka stefnu.

Í hugum margra er það svo að allir vegir með bundnu slitlagi séu uppbyggðir eins og Þjóðvegur 1 og miðaðir við 90 km hönnunarhraða, en sú er ekki raunin. Stefna Svæðisskipulags Suðurhálendis stefnir alls ekki að slíkum vegum heldur er gert ráð fyrir hóflega uppbyggðum vegum sem fylgja línum í landinu og falla vel að landslagi, og að móta skuli hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi sem taki mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru til að lágmarka áhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. Ekki er því unnt að fallast á það með Skipulagsstofnun að stefna svæðisskipulagsins víki í grundvallaratriðum frá landsskipulagsstefnu hvað uppbyggingu stofnvega varðar.

Að mati Svæðisskipulagsnefndar eru færð skýr rök fyrir stefnu svæðisskipulagsins um stofnvegi með bundnu slitlagi í Svæðisskipulaginu. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þeirri röksemdafærslu.

Í kafla 3.1.1. á bls. 17-19 í greinargerð Svæðisskipulags Suðurhálendis er gerð grein fyrir stefnu svæðisskipulagsins um stofnvegi, útskýrt hvernig skipulagstillagan víkur frá Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og færð rök fyrir því hvers vegna slík frávik eru gerð. Þá er einnig vikið að því hvernig áhrif af stefnu sveitarfélaganna um stofnvegi á víðerni og óbyggðaupplifun eru lágmörkuð í skipulaginu:



**Stefna**

Unnið verði að því að gera stofnvegi um Suðurhálendið greiðfæra minnst 5–6 mánuði á ári þannig að auðvelt sé að ferðast um þá. Opnunartími vega skal taka mið af ástandi svæða s.s. hvort svæði liggur undir skemmdum, hvort lífríki er í hættu, hvort viðkvæmar jarðmyndanir eru í hættu og tilvik neyðar- og hættuástands vegna t.d. náttúru–ham–fara, stórslysa, eða óvæntra veðurviðburða.

Áhersla er lögð á að byggja Kaldadalsveg, Kjalveg, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri upp úr landinu. Stofnvegir verði að jafnaði með klæðningu og ár og lækir brúaðir. Ekki er gert ráð fyrir að Fjallabaksleið nyrðri verði með klæðningu austan Landmannalauga. Tengivegi skal byggja lítillega upp og skulu þeir falla vel að landslagi.

Skipulagsákvæði um vegi taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Hönnun vega skal taka mið af landslagsvernd og svæðum með hátt verndargildi.

Öll vélknúin umferð verði á skilgreindum vegum og slóðum, en akstur er þó heimill utan vega þar sem jörð er snævi þakin eða frosin.

Þjórsárdalsvegur og Uxahryggjavegur eru að hluta innan Suðurhálendis og flokkast sem stofnvegir í byggð. Þessir vegir eru þegar uppbyggðir og ekki verður fjallað frekar um þá í svæðisskipulaginu.

Við hönnun vega verði hugað sérstaklega að umferðaröryggi og náttúruvá, s.s. í tengslum við möguleg hamfaraflóð í byggð vegna eldgoss undir jökli.

Við mannvirkjagerð skal hafa sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði að leiðarljósi með áherslu á verndun víðerna, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda. Leitast skal við að vegir fylgi línum í landinu, hryggjum og hæðum. Móta skal hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi sem taki mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru og að mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.

Stofnvegir og tengivegir eru innan mannvirkjasvæða, M1 og M2, eins og lýst er í köflum 4.1 og 5.1.

Jarðefni og annað efni sem nýtt er í vegaframkvæmdir skal nýtt á ábyrgan hátt. Efnistökusvæði skulu, eftir því sem kostur er, vera í nágrenni vegstæðis og ekki á svæðum sem hafa hátt verndargildi. Efnistökusvæði skulu vera í samræmi við aðalskipulag.

**Leiðir**

- Við reglubundna endurskoðun samgönguáætlunar taki ríkið mið af stefnu svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega og tengivega.
- Svæðisskipulagsnefnd, í samvinnu við Vegagerðina og aðra hagaðila, greini nánar framtíðarsýn um stofnvegi, tengivegi og landsvegi um Suðurhálendi og hönnunarviðmið fyrir þá.
- Forgangsverkefni verður að gera einn góðan veg yfir hálendið milli Suður- og Norðurlands og er þá horft til Kjalvegar. Endurbótum á Kjalvegi verði haldið áfram og lokið við að byggja hann upp sem stofnveg í samræmi við stefnu hér að framan. Endurbætur á öðrum vegum fylgi svo í kjölfarið.
- Lagt verði mat á hlutverk stofnvega og tengivega um hálendið með tilliti til mögulegra hamfarahlaupa vegna eldgoss undir jökli og rýnt









hvort slíkt mat hafi áhrif á forgangsröðun verkefna við endurbætur á vegum.
- Opnunartími vega taki mið af ástandi bæði vegarins og svæða sem hann opnar fyrir umferð inn á, þannig að landið verði ekki fyrir tjóni af umferð og umgengni t.a.m. snemmsumars áður en frost fer úr jörðu.

*Til skýringar:*

Til að stofnvegir og tengivegir um hálendið þjóni tilgangi sínum þarf ástand þeirra að vera ásættanlegt fyrir notendur og kostnaður við viðhald þeirra og rekstur viðráðanlegur. Til að svo geti orðið þarf að byggja vegina upp að einhverju marki.

Til að fella stofnvegi á hálendi sem best að landslagi er gert ráð fyrir að gera ráð fyrir hóflegum hönnunarhraða þannig að unnt sé að tryggja góða aðlögun að landslagi. Með þessu móti er hægt að lágmarka inngrip í land–ið, en lægri hönnunarhraði þýðir minna inngrip, minni skeringar og minni fyllingar. Tengivegir verði með lægri hámarkshraða en stofnvegir og sem gefur enn meiri möguleika á aðlögun að landslagi.

Miðað er við að vegirnir séu byggðir upp úr landinu þannig að þeir afvatni sig og haldist lengur opnir. Samhliða þessu væri rétt að miða við lítinn halla í skeringar- og fyllingarflaum (1:4 eða minna), bæði til að fella veginn sem best að landslagi og til að minnka að hann taki á sig snjó að vetri. Taka þarf mið af landslagi umhverfis veginn við ákvörðun um halla fláa og skeringa.



MYND 2. Flokkun vega á hálendinu. Vegir eru sýndir í meginráttum þar sem þeir eru í dag og getur lega þeirra breyst við nánari útfærslu (hönnun). Kortið sýnir stefnu svæðisskipulagsins um flokkun vega og er birt til skýringar.

Uppbyggðir og greiðfærari vegir eru líklegir til að leiða til aukinnar umferðar. Mikilvægt er að vegir verði ekki opnir fyrr en landið þolir umferð, einkum á vorin. Einnig verði unnið að uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum, s.s. stíga, samhliða uppbyggingu vega.

Tillagan víkur í nokkrum atriðum frá landskipulagsstefnu:

- Sprengisandsleið. Gert er ráð fyrir að norðurhluti vegarins liggi um Kvíslaveitu eins og í nýlegu aðalskipulagi Ásahrepps. Vegurinn mun á þessum stað fylgja í ríkara mæli þegar uppbyggðum vegi og skerða minna víðerni en uppbyggður vegur á núverandi leið. Núverandi leið fer yfir í flokka landsvega.
- Tengivegir. Bætt er við flokki tengivega í samræmi við vegalög, en þeir eru ásamt stofnvegum hluti af meginvegum á hálendinu og eru tengingar á milli stofnvega og liggja að helstu ferðamannasvæðum hálendisins.
- Landsvegir. Gert er ráð fyrir nokkrum nýjum landsvegum, einkum til að skapa möguleika á hringtengingum í þágu ferðaþjónustu.
- Slitlag. Til að lágmarka rekstrar og viðhaldskostnað er gert ráð fyrir að stofnvegir séu að jafnaði með bundnu slitlagi (klæðningu), í stað þess að hafa malarvegi með endurteknum vandamálum vegna holumyndanna og „þvottabretta". Klæðning minnkar viðhaldsþörf vega. Gott ástand getur dregið úr utanvegaakstri og með bundnu slitlagi minnkar ryk, en uppþyrlað ryk í þurrviðri getur sest langt að og valdið sjónmengun. Þá geta vegir með bundnu slitlagi ýtt undir umferð rafmagnsbíla en nýlagðir jarðstrengir yfir Kjöl, í Kerlingarfjöll og í Hólaskjól á Fjallabaki ættu að skapa aðstæður til að setja upp hleðslustöðvar. Þá eru bættir vegir á hálendinu öryggisatriði og á það t.a.m. við um Fjallabaksleið nyrðri sem hefur ríkt öryggishlutverk ef vegir teppast sunnan jökla.

Stefna um stofnvegi felur m.a. í sér að Kjalvegur, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmannalauga verði hóflega uppbyggðir sumarvegir með slitlagi. Það er mat sveitarfélaganna að slík stefna sé í samræmi við gildandi landsskipulagsstefnu um að *„viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á hálendinu stuðli að góðu aðgengi að hálendinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta."* Stefna svæðisskipulagsins er einnig í samræmi við markmið um bætt aðgengi sbr. markmið um *„að þróa stefnu um samgöngur á miðhálendinu m.t.t. bætts aðgengis og orkuskipta"* sem finna má í drögum innviðaráðuneytisins að hvítbók um skipulagsmál sem kynnt var í sept.-okt. 2023. Þá er í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 gert ráð fyrir að bundið slitlag verði lagt á Kjalveg milli Kattahryggjar og Kerlingarfjallavegar á 2. tímabili áætlunarinnar, 2029-2033. Þingályktunin var lögð fram á alþingi í október 2023 .

Í samræmi við landsskipulagsstefnu um að lágmarka áhrif stefnu um stofnvegi á víðerni og óbyggðaupplifun eru sett ákvæði um að hönnunarhraði taki mið af því að hægt sé að tryggja góða aðlögun að landslagi, hönnun vega taki mið af landslagsvernd og svæðum með hátt verndargildi og að mannvirki hafi lágmarks áhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.

Fram hafa komið ábendingar í skipulagsferlinu um að stefna um hóflega uppbyggða stofnvegi með slitlagi muni auka umferð og hafa neikvæð áhrif t.a.m. á óbyggðaupplifun, náttúrugæði og víðerni. Dregið er úr áhrifum af stefnu um stofnvegi með ákvæðum um að mannvirki hafi lágmarks áhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. Sett er fram stefna um verkefni sem felur í





Umsögn sampykkt á fundi Svæðisskipulagsnefndar Suðurhálendis 25. október 2024

SVÆÐISSKIPULAG SUÐURHÁLENDIS

sér að mótuð verði hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi sem skv. stefnunni taki mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru.

### 3.1.2 Landsvegir

*Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá eru landsvegir vegir yfir fjöll og heiðar, þ.a.m. vegir sem tengja saman landshluta og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum. Á landsvegum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og þjónustu en á öðrum þjóðvegum.*

Landsvegir eru á forræði Vegagerðarinnar. Í svæðisskipulaginu er mörkuð stefna um nýja landsvegi en nákvæm staðsetning þeirra er ákveðin í aðalskipulagi.

Nýir vegir í flokknum landsvegir eru eftirtaldir:

- Afréttarvegur vestan Þjórsár, vegurinn liggur um Gljúfurleit og Leppistungur að Kerlingarfjallavegi við Jökulfall.
- Heklubraut eystri frá Gunnarsholti að Fjallabaksleið syðri.
- Línuvegur með Sultartangalínum 1 og 3 frá Þjórsárdalsvegi við Sultartangastöð að afréttarvegi austan Hvítár.

Landsvegir eru sýndir á mynd 2.

**Landsvegir**
*Landsvegir eru ruddir eða lítillega ofaníbornir vegir. Vegir skulu lagðir í landið, ár og lækir eru yfirleitt óbrúaðar. Vegir opnast þegar snjóa leysir og land þornar.*

**Stefna**

Landsvegir eru mikilvægar ferðamannaleiðir að sumarlagi. Við endurbætur vega og mannvirkjagerð skal hafa sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði að leiðarljósi, með áherslu á verndun víðerna, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda.

Landsvegir eru jafnan lítt uppbyggðir vegir og leitast skal við að þeir fylgi línum í landinu, hryggjum og hæðum. Við hönnun vega verði hugað sérstaklega að góðu umferðaröryggi og hættulegustu ár brúaðar. Efnistökusvæði skulu, eftir því sem hægt er, vera í nágrenni vegstæðis og ekki á svæðum sem hafa hátt verndargildi. Efnistökusvæði skulu vera í samræmi við aðalskipulag.

**Leiðir**

- Svæðisskipulagsnefnd, í samvinnu við Vegagerðina, greini nánar framtíðarsýn um landsvegi á Suðurhálendi.
- Við reglubundna endurskoðun samgönguáætlunar taki ríkið mið af stefnu svæðisskipulagsins um uppbyggingu og flokkun landsvega.



Þannig er rökstutt með viðhlítandi hætti í greinargerð með svæðisskipulaginu að gert sé ráð fyrir að stofnvegir á hálendinu séu að jafnaði með bundnu slitlagi (klæðningu) til að lágmarka rekstrar- og viðhaldskostnað, draga úr utanvegaakstri, ýta undir umferð rafmagnsbíla, minnka ryk, svo og til að tryggja öryggi umferðar á hálendinu. Stefna svæðisskipulagsins um stofnvegi er því í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, þar sem kveðið var á um það markmið að „[v]iðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á miðhálendinu stuðli að góðu aðgengi að hálendinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta", sbr. einnig núgildandi Landsskipulagsstefnu 2024-2038.

Svæðisskipulagsnefnd telur að stefna svæðisskipulagsins um vegi samræmist markmiðum Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um verndun víðerna hálendisins, landslagsheilda og náttúrugæða, gott aðgengi að hálendinu, jafnvægi milli ólíkra ferðamáta, og lágmörkun áhrifa mannvirkja og umferðar á víðerni og óbyggðaupplifun.

Að auki vill Svæðisskipulagsnefnd benda á að stefna skipulagsins um að „stofnvegir verði að jafnaði með klæðningu og ár og lækir brúaðar" er í samræmi við áherslu B.4. í nýendurskoðaðri landsskipulagsstefnu 2024-2038, þ.e. að skipulag sveitarfélaga greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi.

- Stefna Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 greiðir fyrir skilvirkum samgöngum, stuðlar að góðu aðgengi að hálendinu með orkuskipti að leiðarljósi og þróar samgöngukerfi miðhálendisins með útfærslu einstakra stofnvega og öryggishlutverks þeirra vegna náttúruvár (Fjallabak nyrðra). Þá er sem fyrr segir gert ráð fyrir því að uppbygging vega á hálendinu taki mið af því að lágmarka áhrif umferðar á víðerni og óbyggðaupplifun.
- Í samræmi við áherslu B.4.3 þá gera sveitarfélögin grein fyrir og marka stefnu um þjóðvegi, þ.e. stofnvegi og landsvegi, í svæðisskipulaginu og skipulagsákvæði fela í sér að vegaframkvæmdum er haldið í lágmarki og að hönnun vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Þannig er t.d. sett ákvæði um hóflegan hönnunarhraða til að unnt sé að tryggja góða aðlögun stofnvega að landslaginu og lágmarka inngrip í landið og að hönnun vega skuli taka mið af landslagsvernd og svæðum með hátt verndargildi. Bæði stofnvegir og tengivegir skulu hóflega uppbyggðir og hannaðir þannig að þeir falli vel að landslaginu og skerði sem minnst óbyggðaupplifun og náttúrugæði á svæðinu.

Því skal þó haldið til haga að Landsskipulagsstefna 2024-2038 lá ekki fyrir þegar svæðisskipulagið var samþykkt af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og bar þeim því ekki að taka mið af hinni nýendurskoðuðu landsskipulagsstefnu við gerð og samþykkt svæðisskipulagsins.

**Samræmi stefnu svæðisskipulagsins um samgöngur við aðrar áætlanir og núverandi ástand.**

Það er mat Svæðisskipulagsnefndar og sveitarfélaganna sem að svæðisskipulaginu standa að stefna um hóflega uppbyggða stofnvegi með klæðningu sé í samræmi við landsskipulagsstefnu um að „viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á hálendinu stuðli að góðu aðgengi að hálendinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta." Stefna svæðisskipulagsins er einnig í samræmi við markmið ríkisins um bætt aðgengi, m.t.t. markmiða um að þróa stefnu um samgöngur á miðhálendinu m.t.t. bætts aðgengis og orkuskipta", sem finna má í drögum Innviðaráðuneytisins að Hvítbók um skipulagsmál sem kynnt var í september til október 2023. Kemur þetta fram á bls. 19 í kafla 3.1.1. í greinargerð með svæðisskipulaginu.

Hér verður farið nánar yfir samræmi stefnu svæðisskipulagsins um stofnvegi við aðrar áætlanir og núverandi ástand.





*Sprengisandsleið*

- Ný lega stofnvegar um Sprengisand og útfærsla vegarins er í samræmi við stefnu Ásahrepps í gildandi Aðalskipulagi 2020-2032 sem staðfest var af Skipulagsstofnun þann 14. desember 2022 á gildistíma landsskipulagsstefnu 2015-2026. Vísað er til þessa á bls. 19 í svæðisskipulaginu. Lega Sprengisandsleiðar og útfærsla hennar er því ekki nýmæli í skipulagi og hefur hún hlotið samþykki Skipulagsstofnunar. Hér er til skýringar gerð frekari grein fyrir stefnu Ásahrepps um Sprengisandsleið í Aðalskipulagi 2020-2032.
    - Skv. aðalskipulaginu er stefnt að endurbótum og frekari uppbyggingu á Sprengisandsleið (kafli 3.1.).
    - Í aðalskipulaginu segir svo í stefnu um samgöngur.
        - „Samgöngur á hálendinu verði bættar og helstu vegir opnaðir fyrr á vorin til að efla ferðaþjónustu."
        - „Stofnvegir á hálendi verði færir 6-8 mánuði á ári. Þeim verði lyft 50-100 cm upp úr landinu og lagðir í landið eftir því sem kostur er. Hönnunarhraði veganna verði allt að 80 km/klst en heimilt er að taka niður hraðann þar sem þess þarf. Vegirnir verði með klæðningu þannig að þeir standist sem best álag og rof af völdum umferðar, vinds og vatns. Ár og lækir verði brúaðir".
- Sprengisandsleið norður fyrir Kvíslaveitu var byggður upp í tengslum við virkjanaframkvæmdir og búið að leggja á hann slitlag að Vatnsfellsvirkjun.

*Fjallabaksleið nyrðri*

- Fjallabaksleið nyrðri er uppbyggð og með bundnu slitlagi frá Sprengisandsleið að Sigölduvirkjun. Eftir það er hún að mestu niðurgrafin og jafn há landinu umhverfis.
- Í aðalskipulagi Rangárþings ytra er það stefna sveitarstjórnar að Fjallabaksleið nyrðri verði endurbætt og vegurinn byggður lítillega upp og sé fær stærri hluta ársins.
- Í Svæðisskipulagsnefnd Suðurhálendis var einhugur um að Fjallabaksleið nyrðri yrði endurbætt vestan Landmannalauga þannig að hún yrði hóflega uppbyggður sumarvegur með klæðningu. Uppbygging vegarins er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 en að auki var það einróma stefna svæðisskipulagsnefndar að stefna að því að vegurinn yrði með klæðningu á þessum kafla.
- Á bls. 19 í greinargerð Svæðisskipulagsins kemur fram að „...bættir vegir á hálendinu [séu] öryggisatriði og á það t.a.m. við um Fjallabaksleið nyrðri sem hefur ríkt öryggishlutverk ef vegir teppast sunnan jökla." Er það í samræmi við sjónarmið svæðisskipulagsnefndar, og ekki síst fulltrúa Skaftárhrepps sem leggja áherslu á að Fjallabaksleið nyrðri gegni þessu öryggishlutverki.
- Í svæðisskipulaginu er ekki gert ráð fyrir uppbyggðri Fjallabaksleið nyrðri austan Landmannalauga vegna þess að það svæði er með meira verndargildi og er innan friðaðs svæðis.

*Kjalvegur*

Kjalvegur er uppbyggður og með bundnu slitlagi um 15 km norður frá Gullfossi. Þaðan eru um 44 km norður að afleggjaranum af Kjalvegi til Kerlingafjalla og þar áfram eru um 11 km að sveitarfélagamörkum Bláskógabyggðar og Húnabyggðar, sem markar um leið mörk Svæðisskipulags Suðurhálendis.

- Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 eru sett 5 meginmarkmið fyrir stefnu um hálendið innan sveitarfélagsins og er eitt þeirra að leggja áherslu á uppbyggingu stofnvega.
- Stefna svæðisskipulagsins um Kjalveg er að hann verði byggður lítillega upp með vönduðu og varanlegu yfirborði sem stenst sem best álag og rof af völdum umferðar, vinds og vatns.

- Stefna svæðisskipulagsins um hóflega uppbyggðan Kjalveg með klæðningu er í samræmi við aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.

Þá er stefna svæðisskipulagsins einnig í samræmi við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 (fylgiskjal), þar sem gert er ráð fyrir að bundið slitlag verði lagt á Kjalveg milli Kattahryggjar og Kerlingarfjallavegar á 2. tímabili áætlunarinnar, 2029-2033 (sjá bls. 75). Einnig segir á öðrum stað í þingsályktunartillögunni að á vegum verði áhersla lögð á nægjanlegt burðarþol, breidd og *bundið slitlag*. Tillaga til þingályktunarinnar var lögð fram á Alþingi í október 2023 en hefur ekki enn verið afgreidd á þinginu.

**Sjónarmið Svæðisskipulagsnefndar í Svæðisskipulagi Suðurhálendis um breytta flokkun ferðaþjónustustaða og rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu.**

Í umhverfismatsskýrslu Svæðisskipulags Suðurhálendis, kafla 2.5.3. um flokkun þjónustustaða í svæðisskipulagi, bls. 39-46, er ítarlegur rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun Svæðisskipulagsnefndar að víkja frá Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um flokkun þjónustustaða á Suðurhálendinu. Var verulega bætt í þá umfjöllun eftir ábendingar Skipulagsstofnunar og fleiri aðila í skipulagsferlinu.

Hér á eftir er afrit af rökstuðningi svæðisskipulagsnefndar úr umhverfismatsskýrslu:



staðir á Suðurhálendinu sem koma vel út úr ástandsmatinu eru: Eldgjá, Laki, Langisjór og Tjarnargígur.

2.5.3 Flokkun þjónustustaða í svæðisskipulagi

Í svæðisskipulagi fyrir Suðurhálendi er gerð tillaga að breytingu á flokkun þjónustustaða frá því sem er í landsskipulagsstefnu. Alls er gerð tillaga að því að færa 9 svæði niður um flokk, fimm færist upp um flokk, í samræmi við uppbygginu sem orðin er, og eitt nýtt skálasvæði bætist við, einnig í samræmi við uppbygginu sem nú þegar hefur verið orðið á svæðinu. Hér er gefið yfirlit yfir þessar breytingar og í umfjöllun hér á eftir er farið yfir forsendur þessara breytinga.

A. Húsadalur/Markarfljót færist upp úr flokki skálasvæða í hálendismiðstöð.
B. Fjögur fjallasel færast upp og verða skálasvæði (Blágil, Áfangagil, Emstrur/Botnar, Svartárbotnar/Gíslaskáli.
C. Eitt nýtt skálasvæði – Geldingafell.
D. Hólaskógur og Hrauneyjar eru færðar niður um flokk úr jaðarmiðstöð í hálendismiðstöð.
E. Háumýrar eru færðar niður um flokk úr hálendismiðstöð í fjallasel.
F. Sex skálasvæði færast niður og verða fjallasel.

Í vinnslutillögu svæðisskipulagsins var gert ráð fyrir að Nýidalur yrði hálendismiðstöð en fallið hefur verið frá því í kjölfar umsagna.

*2.5.3.1 Þjónustusvæði sem lagt er til að færist upp um flokk*

Sú uppbygging sem er á svæðunum, eða er áformuð t.a.m. skv. samþykktu deiliskipulagi/aðalskipulagi gerir ráð fyrir umfangi uppbyggingar sem styður við að þjónustusvæðið færist upp um flokk.

*A. Húsadalur/Markarfljót færist upp úr flokki skálasvæða í hálendismiðstöð.*

Svæðið færist úr skálasvæði í flokk hálendismiðstöðva, ekki síst vegna áformaðrar betri göngutengingar með göngubrú yfir Markarfljót og vegna þeirrar þjónustu sem nú þegar er þar í dag. Húsadalur er opinn allt árið. Boðið er upp á gistingu í lúxustjöldum, tveggja manna herbergjum, smáhýsum og fjallaskálum eða í eigin tjaldi. Boðið er upp á veitingar, morgunverð, hádegisverð, nestispakka, millimál og hressandi drykk á barnum. Á staðnum er gufubað, sturtur og lítil laug. Gistirúm árið 2018 voru 127 og stærð bygginga 733 fm. [44]. Á mynd 23 sést loftmynd af Húsadal af map.is frá 2019, ljósmynd af heimasíðu volcanotrails.com og klippa úr deiliskipulagsuppdrætti sem sýnir áformaða göngubrú og frekari uppbyggingu.

[44] Mannvirki á miðhálendinu. Skipulagsstofnun 2018.








MYND 23. Húsadalur. Loftmynd, ljósmynd og deiliskipulag.



Umsögn samþykkt á fundi Svæðisskipulagsnefndar Suðurhálendis 25. október 2024



*B. Fjögur fjallasel færast upp og verða skálasvæði; Blágil, Áfangagil, Emstrur/Botnar, Svartárbotnar/Gíslaskáli.*

Í Blágili er í dag skáli sem nýttur hefur verið sem gangnamannaskáli, geymsla, kofi, hestagerði, hesthús og hús fyrir landvörð. Svæðið er með góða vegtengingu. Fyrir liggur deiliskipulag frá 2009 með tjaldsvæði, bílastæði, hús fyrir landvörð og starfsmenn upplýsingamiðstöðvar og rútustæði. Á mynd 24 er loftmynd af Blágili af map.is frá 2019, deiliskipulag svæðisins frá 2009 og ljósmynd frá Blágili af síðu Vatnajökulsþjóðgarðs.








MYND 24. Blágil. Loftmynd, deiliskipulag og ljósmynd.

Í Áfangagili er hægt að fá gistingu fyrir allt að 40 manns í tveimur húsum. Þar er heysala og aðstaða fyrir hesta. Þar er starfsfólk sem sinnir þjónustunni. www.afangagil.is. Mynd 25 er af heimasíðu Áfangagils.



MYND 25. Áfangagil.

Í Emstrum/Botnar eru þrír gistiskálar, skálavarðarhús, gisting/tjaldsvæði/sala veitinga. Þar er vatnsból, fráveita og rotþró. Deiliskipulag er í gildi frá 2010 sem gerir ráð fyrir gistiskálum og landvarðahúsum, bílastæðum og snúningsaðstöðu. Mynd 26 er af Emstru svæðinu af heimasíðu Ferðafélags Íslands og klippa úr deiliskipulagi svæðisins.



MYND 26. Emstrur/Botnar. Ljósmynd af skálum og hluti deiliskipulags.

Í Gíslaskála í Svartárbotnum er svefn- og mataraðstaða fyrir um 40 – 50 manns. Gashellur og góð aðstaða til matseldar. Vatnssalerni og sturta er fyrir hendi. Þar er einnig hesthús, gerði og heysala, auk þess sem rafstrengur liggur á staðinn og rafmagn komið á þær byggingar sem þar eru. Deiliskipulag var staðfest 2020 með byggingarreitur B2 fyrir nýjan skála og reit B1 fyrir stækkun á núverandi skála. Mynd 27 sýnir deiliskipulag svæðisins og mynd af skálanum.



Umsögn samþykkt á fundi Svæðisskipulagsnefndar Suðurhálendis 25. október 2024





MYND 27. Gíslaskáli. Deiliskipulag og mynd af skálanum.

*C. Eitt nýtt skálasvæði – Geldingafell*

Í Geldingafelli er myndarleg uppbygging í tengslum við ferðir á Langjökul (mynd 28). Aðstaðan er mest nýtt vegna vélsleðaferða um Langjökul og ekki er boðið upp á gistingu miðað við núverandi aðstæður. Um er að ræða þrjár byggingar um 150 m² hver, sem notaðar eru til að geyma vélsleða og annan tækjabúnað. Einnig eru fjórar minni byggingar, 50-100 m , þar sem er aðstaða fyrir gesti og starfsfólk ásamt geymslum.

Fram kemur að núverandi áform feli í sér afmörkun tveggja lóða fyrir þjónustustarfsemi og sé heildar byggingamagn allt að 700 m² á hvorri lóð. Á hvoru svæðinu er fyrirhugað að byggja 5 hús og gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 50 gesti samtals, og verður boðið upp á bæði gistingu í uppábúnum rúmum og svefnpokapláss. Þá verður bæði boðið upp á veitingasölu og aðstöðu til eldunar auk aðstöðu fyrir tæki og búnað í tengslum við ferðir, m.a. á Langjökul. Geldingafell er 1 km frá Kjalvegi og vegtenging þangað er góð. Geldingafell er inn á aðalskipulagi Bláskógabyggðar og þar er í gildi deiliskipulag. Ef farið er áfram veginn til vesturs er komið að Skálpanesi sem skv. svæðisskipulaginu er fært úr skálasvæði niður í fjallasel. Skipulagsstofnun ákvarðaði árið 2020 að uppbygging á svæðinu væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.




MYND 28. Loftmynd af Geldingafelli, frá map.is 2022.

*2.5.3.2 Þjónustusvæði sem lagt er til að færist niður um flokk*

*D. Hólaskógur og Hrauneyjar eru færðar niður um flokk úr jaðarmiðstöð í hálendismiðstöð.*

Stefna svæðisskipulags Suðurhálendis er að Hólaskógur og Hrauneyjar verði hálendismiðstöðvar og jaðarmiðstöðvar séu ekki innan Suðurhálendis, heldur utan þess. Í landsskipulagsstefnu er fjallað um þann moguleika að í aðalskipulagi sé hægt að gera ráð fyrir jaðarmiðstöðvum neðan hálendismarka en sveitarfélögin hafa hér samræmt sína stefnu um þær.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að jaðarmiðstöðvar séu neðan hálendismarka og flestar þeirra þjóna hlutverki jaðarmiðstöðva nú þegar. Jaðarmiðstöðvar eru sýndar á korti til skýringar.

*E. Háumýrar eru færðar niður um flokk úr hálendismiðstöð í fjallasel.*

Engin uppbygging er í dag á Háumýrum. Þar voru vinnubúðir Landsvirkjunar en þær hafa verið fjarlægðar og landið þar í kring lagað. Háumýrar eru því ekki lengur sá viðkomustaður sem þær voru áður og engin áform eru um uppbyggingu á svæðinu sem gæti samræmst því að svæðið verði hálendismiðstöð. Því er gert ráð fyrir að færa Háumýrar niður um flokk úr hálendismiðstöð í fjallasel. Háumýrar eru innan marka friðlandsins í Þjórsárverum

*F. Sex skálasvæði færast niður og verða fjallasel.*

Galti, Markarfljótsskáli, Hagavatn, Hágöngur, Hvanngil og Skálpanes færast úr flokki skálasvæða í fjallasel í samræmi við umfang og uppbyggingu sem áætluð er á þessum stöðum til framtíðar. Stefna sveitarfélaganna á Suðurhálendi er að þessir staðir falli undir flokkunina fjallaskáli þar sem þarna eru að jafnaði stakir fjallaskálar og stefnan er að svo verði áfram. Engin gistiaðstaða er í Hágöngum í Ásahreppi og Skálpanesi í Bláskógabyggð.

44

Ofangreindur rökstuðningur í greinargerð svæðisskipulagsins fyrir breyttri flokkun ferðaþjónustustaða er ítarlegur og byggir hann t.a.m. á fyrirliggjandi gögnum í samþykktum skipulagsáætlunum, greinargerðinni Mannvirki á miðhálendinu frá 2018 (fylgiskjal), aðstæðum á Suðurhálendinu, Landslagsgreiningu Svæðisskipulagsins (fylgiskjal) og uppbyggingu á þjónustustöðum á svæðinu. Niðurstaða Svæðisskipulagsnefndar er að færa suma þjónustustaði upp um flokk, en einnig að færa fjölda þjónustustaða niður um flokk. Flokkun ferðaþjónustustaða er í samræmi við þá uppbyggingu sem nú þegar er á staðnum eða sem áætluð er í fyrirliggjandi skipulagsáætlunum sveitarfélaganna. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir einum nýjum ferðaþjónustustað, Geldingafelli, sem er ekki í landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þar er nú þegar töluverð uppbygging í samræmi við gildandi aðalskipulag Bláskógabyggðar og deiliskipulag fyrir svæðið. Þá má hér nefna að Skipulagsstofnun tók þá ákvörðun 15.desember 2020 að framkvæmdir við uppbyggingu ferðaþjónustustaðarins væru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum því þær væru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sjá frétt hér á vef Skipulagsstofnunar og ákvörðun um matsskyldu sem er fylgiskjal. Í erindi Skipulagsstofnunar til Innviðaráðuneytisins 19. ágúst 2024 er í engu vikið að því hvaða breytingar á flokkun ferðaþjónustustaða það eru sem Skipulagsstofnun telur að leiði til form- eða efnisgalla á skipulagsáætluninni.

Óljóst er hvers vegna Skipulagsstofnun leggst gegn því að samþykkja stefnu svæðisskipulags sem gerir ráð fyrir að 9 þjónustumiðstöðvar séu færðar niður um flokk og þá um leið dregið úr áformum um uppbyggingu á þeim svæðum. Um þetta er enga umfjöllun eða rökstuðning að finna í erindi Skipulagsstofnunar til svæðisskipulagsnefndar frá 19. júní 2024 eða í erindi stofnunarinnar til Innviðaráðuneytisins frá 19. ágúst 2024. Þá fjallar Skipulagsstofnun heldur ekki um þá breytingu að færa fjögur þjónustusvæði upp um flokk og bæta við einu þjónustusvæði eða um þann rökstuðning og þær forsendur sem sú breyting byggi á. Skipulagsstofnun hefur því ekki útskýrt hvers konar form- eða efnisgalla hún telur vera á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða gerð svæðisskipulagsins að þessu leyti, sbr. 5. mgr. 25. gr. skipulagslaga. Ítrekað er að það eitt að frávik séu frá landsskipulagsstefnu getur ekki leitt til þess að form- eða efnisgallar séu á svæðisskipulaginu, enda er beinlínis gert ráð fyrir því í 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga að sveitarstjórn geti vikið frá landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana sinna, svo lengi sem slíkt frávik er rökstutt.

Svæðisskipulagsnefnd vísar aðfinnslum Skipulagsstofnunar varðandi skort á greiningum, sem fram koma í erindi Skipulagsstofnunar til Innviðaráðuneytisins frá 19. ágúst, við stefnumörkun um ferðaþjónustustaði, aftur til föðurhúsanna. Stefna Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er um margt úrelt þegar kemur að flokkun þjónustustaða, eins og rakið er í umhverfismatsskýrslunni á bls. 39-44 og birt er hér að framan. Hún byggir á flokkun ferðaþjónustustaða í svæðisskipulagi miðhálendisins frá 1999. Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 var kveðið á um að við næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu myndu liggja fyrir betri upplýsingar til að endurskoða stefnuna. Árið 2018 kom út yfirlit yfir mannvirki á miðhálendinu (fylgiskjal) sem var hluti af framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu. Það yfirlit virðist ekki hafa verið nýtt við endurskoðun landsskipulagsstefnu og skemmst er frá því að segja að í endurskoðaðri landsskipulagsstefnu 2024-2038 er hvergi að finna flokkun ferðaþjónustustaða. Flokkun ferðaþjónustustaða á miðhálendinu úr landsskipulagsstefnu 2015-2026 hefur því verið felld úr gildi.

Í Svæðiskipulagi Suðurhálendis 2022-2042 hafa ferðaþjónustustaðir verið færðir á milli flokka til að endurspegla þróun á hverjum stað á síðustu árum. Er því í reynd ekki verið að breyta stefnu um ferðaþjónustu heldur færa flokkun ferðaþjónustu til samræmis við þá þróun sem þegar hefur átt sér stað, samþykkt aðalskipulög og deiliskipulög, og vilja sveitarfélaganna. Áhrif af breyttri flokkun eru á heildina litið ekki talin líkleg til að hafa áhrif á náttúru vegna aukinnar umferðar eða skerðingar á víðernum sem neinu nemur. Ekki er því hægt að fallast á það með Skipulagsstofnun að vikið sé „í grundvallaratriðum“ frá landsskipulagsstefnu í þessum efnum. Þá er ekki um breyttar áherslur að ræða, eins og haldið er fram í erindi Skipulagsstofnunar.

Í greinargerð Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um þjónustustaði segir á bls. 16:

> „Eins og að framan er rakið felur landsskipulagsstefna í sér lítt breytta stefnu frá svæðisskipulagi miðhálendisins hvað varðar staðsetningu og umfang ferðaþjónustustaða á hálendinu. Gengið er út frá því að þegar kemur að fyrstu endurskoðun landsskipulagsstefnu liggi fyrir betri gögn til að taka afstöðu til þess hvort forsendur eru til að gera ráð fyrir miklum breytingum á þessari stefnu sem verið hefur í gildi lítt breytt allt frá staðfestingu svæðisskipulagsins árið 1999. Þar verði m.a. endurskoðuð og eftir atvikum sett frekari viðmið um fjölda og staðsetningu ferðaþjónustustaða á hálendinu, yfirbragð þeirra og búnað. Niðurstöður úr skráningu á fyrirliggjandi mannvirkjum og þjónustu á hálendinu eru mikilvægar upplýsingar fyrir slíka frekari stefnumörkun, sem og niðurstöður úr þeirri vinnu sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra hleypti af stokkunum haustið 2014 við mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Jafnframt verður byggt á svæðisbundinni greiningu, svo sem þeirri vinnu sem Rangárþing eystra og Rangárþing ytra og Skaftárhreppur hafa unnið í rammaskipulagi fyrir þann hluta hálendisins sem liggur innan sveitarfélaganna og nær m.a. til friðlands að Fjallabaki."

Þarna er gert ráð fyrir vinnslu upplýsinga um núverandi umfang uppbyggingar ferðaþjónustu á hálendinu og að fyrir liggi nánari stefnumörkun við næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu. Sú stefnumörkun liggur ekki fyrir. Stefna svæðisskipulagsins varðandi flokkun þjónustustaða á hálendinu er því í reynd ekki í ósamræmi við Landsskipulagsstefnu 2024-2038. Í aðgerðaáætlun með nýendurskoðaðri landsskipulagsstefnu 2024-2038 (lið 12) er gert ráð fyrir að „[þ]jónustustig svæða á hálendinu verði endurskilgreint til að mæta aukinni eftirspurn ... " með það að markmiði að „uppbygging ferðaþjónustumannvirkja verði innan þolmarka hálendisins". Þessa vinnu á að vinna 2025-2026 og er kveðið á um að Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög á hálendinu verði samstarfsaðilar við þessa vinnu. Þegar vinnunni verður lokið mun Svæðisskipulagsnefnd yfirfara hana en Svæðisskipulagsnefnd væntir þess einnig að stefna nefndarinnar og sveitarfélaganna 11 sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins verði innlegg í þá vinnu.

Samkvæmt þessu hafnar Svæðisskipulagsnefnd því áliti Skipulagsstofnunar að stefna svæðisskipulagsins um flokkun ferðaþjónustustaða og uppbyggingu á þeim víki í grundvallaratriðum frá landsskipulagsstefnu og að ekki hafi verið færð skýr rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu.

**Niðurstaða Svæðisskipulagsnefndar um stefnu svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða**

Samandregið er hafnað því áliti Skipulagsstofnunar að form- og efnisgallar séu á Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042 hvað varðar stefnu um uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og flokkun og uppbyggingu ferðaþjónustustaða.

Stefna Svæðisskipulags Suðurhálendis um hóflega uppbyggða stofnvegi á hálendinu, sem að jafnaði verði lagðir klæðningu, er í fullu samræmi við aðalskipulagsáætlanir Bláskógabyggðar, Ásahrepps og Rangárþings Ytra, sem voru unnar í samræmi við lög og bestu fáanlegu gögn, og staðfestar af Skipulagsstofnun. Auk þess er um að ræða einróma stefnu svæðisskipulagsnefndar og þeirra 11 sveitarfélaga sem að skipulaginu standa. Sama á við um stefnu Svæðisskipulags Suðurhálendis um flokkun ferðaþjónustustaða.

Í ljósi ofangreindrar umfjöllunar er harðlega mótmælt því sjónarmiði Skipulagsstofnunar, sem kemur fram í erindi stofnunarinnar til Innviðaráðuneytisins 19. ágúst 2024, að Svæðisskipulagsnefnd hafi ekki fært skýr rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu um stofnvegi með bundnu slitlagi og flokkun ferðaþjónustustaða.



Eins og rakið hefur verið er að finna skýran rökstuðning fyrir hugsanlegu ósamræmi við landsskipulagsstefnu í þessum efnum í greinargerð með svæðisskipulaginu.

Ef stefna Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 um þjónustustaði verður ekki staðfest af ráðherra, þá verður staðan sú að engin heildstæð stefna um flokkun ferðaþjónustustaða verður í gildi. Með því að leggjast gegn staðfestingu stefnu svæðisskipulagsins um flokkun þjónustustaða er Skipulagsstofnun því að leggjast gegn vilja sveitarfélaganna til að setja samræmda stefnu um þjónustustaði á Suðurhálendi. Verður að teljast fráleitt af Skipulagsstofnun að setja þeirri stefnumörkun þær skorður, að hana megi ekki vinna eða hrinda í framkvæmd fyrr en framfylgdarverkefni nýsamþykktrar landsskipulagsstefnu verði lokið, sbr. nánari umfjöllun í kafla 6 hér að neðan.

Á engan hátt eru sveitarfélögin á Suðurhálendi að koma fram með breyttar áherslur eins og Skipulagsstofnun heldur fram. Þvert á móti byggir stefna og útfærsla svæðisskipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi á samþykktum aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna Bláskógabyggðar, Rangárþings ytra og Ásahrepps, sem hafa hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar. Nýtur sú stefna einróma stuðnings þeirra ellefu sveitarfélaga sem að svæðisskipulaginu standa, auk þess að vera afrakstur þeirrar stefnumótunar sem Svæðisskipulagið byggir á eftir fjögurra ára vinnu, þar sem m.a. var tekið tillit til þeirra athugasemda við skipulagstillöguna sem bárust við kynningu vinnslustillögu og auglýsingu hennar. Stefna skipulagsins um flokkun ferðaþjónustustaða byggir á gögnum eins og ítarlega hefur verið gerð grein fyrir.

Í umhverfismatsskýrslu svæðisskipulagsins eru sett fram mat á umhverfisáhrifum stefnumörkunar í skipulaginu og farið yfir forsendur fyrir stefnumörkun þess. Svæðisskipulagsnefnd gerir grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu að óvissa sé um áhrif stefnunnar m.a. hvað varðar samgöngur, þar sem áhrifin eru háð útfærslu stefnunnar á síðari stigum, s.s. við gerð skipulagsáætlana eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Svæðisskipulagsnefnd er þar að gera hreinskilningslega grein fyrir mati á áhrifum stefnunnar á umhverfið, en nánari útfærsla stefnunnar mun fara fram í aðalskipulagi, deiliskipulagi og við framkvæmdir sem á henni byggja. Þar skiptir til að mynda höfuðmáli að lokið verði við mótun hönnunarviðmiða um hálendisvegi sem taki mið af veglagningu í óbyggðum og lítt snortinni náttúru. Slík hönnunarviðmið liggja ekki fyrir í dag enda eru slík atriði ekki útfærð með nákvæmum hætti í svæðisskipulagi.

Sú krafa sem fram kemur í áliti Skipulagsstofnunar um Svæðisskipulagið frá 19. júní 2024, þess efnis að stefna Svæðisskipulagsins um vegakerfi og flokkun ferðaþjónustustaða verði ekki innleidd inn í aðalskipulög sveitarfélaganna og ekki veitt framkvæmdaleyfi á grunni hennar fyrr en stefnan verði endurskoðuð að loknum aðgerðum nr. 6, 12 og 13 í fimm ára aðgerðaáætlun nýrrar landsskipulagsstefnu 2024-2038 er í þessu ljósi algjörlega fráleit að mati Svæðisskipulagsnefndar. Ótækt er að slá öllum áætlunum um vegakerfi og ferðaþjónustustaði á Suðurhálendinu á frest um óákveðinn tíma, þar til aðgerðum nýsamþykktrar landsskipulagsstefnu í tengslum við þróun stefnumótunar um vegakerfi miðhálendisins, uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja og kortlagningu víðerna verði lokið. Slík krafa á sér enga stoð í lögum eða reglugerðum á sviði skipulagsmála. Einnig telur Svæðisskipulagsnefnd fráleitt að ætlast til þess að engin flokkun ferðaþjónustustaða á Suðurhálendi verði í gildi næstu ár, þegar það var sameiginleg ákvörðun sveitarfélaganna á Suðurlandi að þörf væri á því að móta sameiginlega stefnu um flokkun ferðaþjónustustaða í samræmi við þá þróun á uppbyggingu ferðaþjónustu sem hefur átt sér stað á svæðinu og fyrirhuguð er í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna. Svæðisskipulagsnefnd áréttar í þessu sambandi að skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélaga samkvæmt 3. gr. skipulagslaga og verður það vald ekki takmarkað nema skýr lagaheimild standi til þess, sbr. einnig 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar.

## 4. Landsskipulagsstefna er ekki bindandi við gerð skipulagsáætlana.

Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að landsskipulagsstefna er ekki bindandi fyrir sveitarfélög við gerð skipulagsáætlana, heldur er hún eingöngu til viðmiðunar um stefnumörkun. Í nefndaráliti við þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, sem var samþykkt þann 16. maí 2024, kemur eftirfarandi fram um skipulagsskyldu sveitarfélaga:

> *Skipulagsskylda sveitarfélaga.*
> Fyrir nefndinni var fjallað um skipulagsvald sveitarfélaga sem og að hvaða leyti landsskipulagsstefna hefur bindandi gildi. Í 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga segir að sveitarfélög skuli við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim taka mið af stefnunni og eftir því sem við á samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn sér ekki bera að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.
> Meiri hlutinn bendir á að í greinargerð með tillögunni segir að landsskipulagsstefnu sé fyrst og fremst framfylgt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags. Landsskipulagsstefna hefur einnig áhrif á áætlanir stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og byggðaþróun. Meiri hlutinn áréttar að landsskipulagsstefna er stefnumarkandi og ekki beinlínis bindandi við gerð skipulagsáætlana, þótt rökstyðja beri ákvörðun um að taka ekki mið af henni.

Svæðisskipulagsnefnd vekur athygli ráðherra á því að landsskipulagsstefna er eingöngu stefnumarkandi en ekki bindandi við gerð skipulagsáætlana, þrátt fyrir að sveitarfélögum beri að rökstyðja ákvörðun sína um að taka ekki mið af henni, sbr. 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga. Skipulagslög kveða ekki á um að stefna svæðisskipulags skuli vera í fullu samræmi við landsskipulagsstefnu. Ekki er því tækt að synja staðfestingar á svæðisskipulagi eingöngu á þeim grundvelli að skipulagið víki frá landsskipulagsstefnu. Slík frávik leiða ekki til efnis- eða formgalla á svæðisskipulaginu, eins og Skipulagsstofnun virðist telja.

Í Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042 er rökstutt með viðhlítandi hætti hvers vegna Svæðisskipulagsnefnd ákveður að taka ekki mið af flokkun þjónustustaða í Landsskipulagsstefnu 2015-2026, svo og hvers vegna svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að stofnvegir á hálendinu verði hóflega uppbyggðir og að jafnaði lagðir klæðningu, þ.e. bundnu slitlagi.

Það virðist vera álit Skipulagsstofnunar að þau rök sem fram koma í greinargerð svæðisskipulagsins fyrir því að víkja frá þágildandi Landsskipulagsstefnu 2015-2026 séu ekki nægilega góð og að stefna svæðisskipulagsins sé ekki nægilega undirbyggð, vegna þess að ekki sé byggt á niðurstöðu aðgerða skv. aðgerðaáætlun með nýsamþykktri Landsskipulagsstefnu 2024-2038, sem ekki hefur enn verið ráðist í og lágu ekki fyrir þegar svæðisskipulagið var staðfest. Sú skoðun Skipulagsstofnunar er ekki byggð á haldbærum rökum og fær enga stoð í ákvæðum laga eða reglna um svæðisskipulag. Ekki er unnt að synja um staðfestingu svæðisskipulags nema fyrir liggi að form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða á gerð skipulagsins. Engir slíkir annmarkar liggja fyrir og virðist álit Skipulagsstofnunar eingöngu byggja á skoðunum þeirrar stofnunar. Í því sambandi skal áréttað að sveitarfélög njóta víðtæks valds í skipulagsmálum og verður það vald hvorki takmarkað né fært í hendur annarra aðila nema skýr lagaheimild standi til þess. Slík lagaheimild er ekki fyrir hendi í þessu tilviki. Skoðun Skipulagsstofnunar um að óheppilegt sé að móta stefnu Suðurhálendis um vegakerfi og ferðaþjónustustaði fyrr en opinberar stofnanir hafi unnið þau framfylgdarverkefni sem kveðið er á um í nýsamþykktri aðgerðaáætlun með Landsskipulagsstefnu 2024-2038 getur engan veginn leitt til þess að unnt sé að synja um staðfestingu svæðisskipulagsins. Engin stoð er fyrir því að byggja synjun um staðfestingu svæðisskipulags á landsskipulagsstefnu eða aðgerðaáætlun sem tók gildi eftir að svæðisskipulagið var samþykkt af hálfu hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Það er mat svæðisskipulagsnefndar að stefnumörkun sú sem fram kemur í svæðisskipulagi Suðurhálendis um uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða og uppbyggingu á þeim sé vel undirbyggð, en hún byggir sem fyrr segir á stefnu í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna, samþykktu deiliskipulagi þeirra og niðurstöðum svæðisskipulagsnefndar sem og sveitarstjórnanna ellefu sem að skipulaginu



standa og unnu að stefnumörkun þess í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Er því vísað á bug skoðunum Skipulagsstofnunar um að stefnumörkunin sé ekki nægilega undirbyggð.

## 5. Engir form og efnisgallar eru á svæðisskipulaginu.

Svæðisskipulagsnefnd áréttar að þar sem skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélaganna þarf skýra lagaheimild fyrir hvers konar afskiptum ráðherra af gerð skipulagsáætlana. Ráðherra hefur þannig ekki vald yfir sveitarstjórnum á sviði skipulags- og byggingarmála nema á grundvelli sérstakra lagaheimilda, sbr. til hliðsjónar *dóm Hæstaréttar í máli nr. 579/2010*. Því verður að telja að ráðherra geti ekki synjað staðfestingar á svæðisskipulagi nema skýrt liggi fyrir að tilteknir efnis- eða formgallar séu á skipulaginu. Eins og rakið hefur verið er í greinargerð með svæðisskipulaginu og í umhverfismatsskýrslu gerð rökstudd grein fyrir ósamræmi við þá landsskipulagsstefnu sem var í gildi þegar svæðisskipulagið var staðfest, í samræmi við 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga. Skipulagsstofnun hefur ekki gert aðrar athugasemdir við málsmeðferð sveitarstjórna við gerð og undirbúning svæðisskipulagsins og var sú málsmeðferð að öllu leyti í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verður því ekki séð að ráðherra sé heimilt að synja staðfestingar á svæðisskipulaginu á þeim grundvelli sem byggt er á í erindi Skipulagsstofnunar til ráðherra frá 19. ágúst 2024.

## 6. Kröfur Skipulagsstofnunar um setningu fyrirvara í Svæðisskipulag Suðurhálendis fá enga stoð í lögum

**Sjónarmið Skipulagsstofnunar í afgreiðslu Skipulagsstofnunar 19. júní 2024.**

Í erindi Skipulagsstofnunar til svæðisskipulagsnefndar frá 19. júní 2024 fór stofnunin fram á að settir yrðu fyrirvarar í Svæðisskipulag Suðurhálendis þess efnis að stefna skipulagsins varðandi gerð og hönnun vega og stefna um flokkun ferðaþjónustustaða yrði endurskoðuð þegar vinnu við þar að lútandi framfylgdarverkefni, þ.e. aðgerðir nr. 6 og 12 samkvæmt aðgerðaáætlun með landsskipulagsstefnu 2024-2038 yrði lokið. Auk þess skyldi settur fyrirvari vegna vinnu við kortlagningu víðerna í samræmi við aðgerð nr. 13 í aðgerðaáætluninni. Jafnframt gerði Skipulagsstofnun þá kröfu að kveðið yrði á um það í svæðisskipulaginu að stefna svæðisskipulagsins yrði ekki innleidd í aðalskipulög sveitarfélaganna og að ekki yrðu veitt framkvæmdaleyfi á grundvelli hennar fyrr en endurskoðun svæðisskipulagsins á stefnu um vegakerfi miðhálendisins, þjónustustaði ferðamanna og verndarsvæði yrði lokið á grundvelli ofangreindra framfylgdarverkefna Landsskipulagsstefnu 2024-2038.

Setti stofnunin það sem skilyrði fyrir staðfestingu Svæðisskipulagsins að ofangreindir fyrirvarar yrðu settir í Svæðisskipulagið, eins og fram kemur í bréfi Skipulagsstofnunar frá 19. júní 2024:

> **Framfylgd Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042**
> Fari svæðisskipulagsnefnd að ofangreindum tilmælum Skipulagsstofnunar varðandi setningu fyrirvara í stefnunni mun stofnunin staðfesta svæðisskipulagið. Þar með mun stefna stjórnvalda í gildandi landsskipulagsstefnu varðandi uppbyggingu samgöngumannvirkja og flokkun og uppbyggingu ferðaþjónustustaða gilda varðandi allar ákvarðanir svæðisskipulagsnefndar og ákvarðanir sveitarstjórna við nánari útfærslu hennar í aðalskipulagi taka sömuleiðis mið af henni.
> Telji svæðisskipulagsnefnd hins vegar ekki unnt að gera ofangreindar breytingar á svæðisskipulaginu, mun Skipulagsstofnun afgreiða Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042 til innviðaráðherra skv. 5. mgr. 25. gr. skipulagslaga. Þar segir að telji Skipulagsstofnun að synja beri svæðisskipulagi staðfestingu skuli hún senda tillögu um það til ráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að svæðisskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram komi hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða á gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar.

Farið er nánar yfir fyrirvarana í bréfi Skipulagstofnunar frá 19. júní 2024 eins og hér kemur fram:

**Forsendur staðfestingar**

Til þess að unnt sé að staðfesta svæðisskipulagið þarf að setja eftirfarandi fyrirvara þess efnis að stefna svæðisskipulagsins varðandi gerð og hönnun vega og stefna um flokkun ferðaþjónustustaða verði endurskoðuð þegar vinnu við þar að lútandi framfylgdarverkefni, samkvæmt ofangreindri fimm ára aðgerðaáætlun með landsskipulagsstefnu, er lokið:

- Í kafla 3.1.1 um stofnvegi og tengivegi um hálendi komi fyrirvari vegna aðgerðar nr. 6 um *Stefnumótun um vegakerfi miðhálendisins.*
  - Markmið aðgerðar: Að þróa stefnu um samgöngur á miðhálendinu með tilliti til náttúru og landslagsverndar.
  - Lýsing aðgerðar: Unnið verði að greiningu á ástandi vega á miðhálendinu og lagt mat á mismunandi kosti við þróun samgöngukerfis miðhálendisins og útfærslu vega á miðhálendinu. Mótuð verði stefna um uppbyggingu vegsamgangna í samræmi við gildi miðhálendisins í náttúrufarslegu og landslagslegu tilliti. Lögð verði áhersla á orkuskipti í samgöngum og mögulegs öryggishlutverks vegna náttúruvár.
  - Fyrirvari: Stefna Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 varðandi vegakerfi miðhálendisins verður endurskoðuð þegar lokið hefur verið við aðgerð nr. 6 samkvæmt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 sem lögð var fram með Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og samþykkt hefur verið á Alþingi. Stefnan verður ekki innleidd í aðalskipulag sveitarfélaganna og ekki veitt framkvæmdaleyfi á grunni hennar fyrr en endurskoðun hennar er lokið.

- Í kafla 3.2.1 um þjónustustaði ferðamanna komi fyrirvari vegna aðgerðar nr. 12: *Uppbygging ferðaþjónustumannvirkja á hálendinu.*
  - Markmið aðgerðar: Að uppbygging ferðaþjónustumannvirkja verði innan þolmarka hálendisins.
  - Lýsing aðgerðar: Þjónustustig svæða á hálendinu verði endurskilgreint til að mæta aukinni eftirspurn. Við uppbyggingu verði þess gætt að skerða ekki óbyggðaupplifun, landslag og náttúrugæði. Mikilvægt verði að greina þolmörk helstu áfangastaða miðhálendisins, þ.e. þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna og samfélags, og meta á þeim grunni hvort þörf sé á að breyta áherslum í mannvirkjagerð fyrir næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu.
  - Fyrirvari: Stefna Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 varðandi þjónustustaði ferðamanna verður endurskoðuð þegar lokið hefur verið við aðgerð nr. 6 samkvæmt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 sem lögð var fram með Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og samþykkt hefur verið á Alþingi. Stefnan verður ekki innleidd í aðalskipulag sveitarfélaganna og ekki veitt framkvæmdaleyfi á grunni hennar fyrr en endurskoðun hennar er lokið.

- Í kafla 4.3 um verndarsvæði komi fyrirvari vegna aðgerðar nr. 13: *Kortlagning víðerna.*
  - Markmið aðgerðar: Að ljúka kortlagningu víðerna.
  - Lýsing aðgerðar: Lokið verði vinnu við kortlagningu víðerna út frá þeim viðmiðum sem sett eru fram í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013. Kortlagning víðerna verði uppfærð reglulega og gerð aðgengileg fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga og annarra aðila.
  - Fyrirvari: Stefna Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 varðandi verndarsvæði verður endurskoðuð þegar lokið hefur verið við aðgerð nr. 13 samkvæmt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 sem lögð var fram með Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og samþykkt hefur verið á Alþingi. Stefnan verður ekki innleidd í aðalskipulag sveitarfélaganna og ekki veitt framkvæmdaleyfi á grunni hennar fyrr en endurskoðun hennar er lokið.

- Auk þess verði framangreindir fyrirvarar settir fram í kafla 7.1 um framfylgd svæðisskipulagsins.



**Sjónarmið og umsögn Svæðisskipulagsnefndar**

Svæðisskipulagsnefnd telur fráleitt að Skipulagsstofnun hafi setji það sem skilyrði fyrir staðfestingu Svæðisskipulags Suðurhálendis, að öll stefna svæðisskipulagsins um vegakerfi miðhálendisins, flokkun ferðaþjónustustaða og verndarsvæði Suðurhálendis verði sett á ís og taki ekki gildi fyrr en aðgerðum nr. 6, 12 og 13 í aðgerðaáætlun með Landsskipulagsstefnu 2024-2038 verði lokið. Þess skal getið að hér er um að ræða verkefni sem samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015-2026 átti að vera fyrir löngu lokið við að vinna en þessum verkefnum var ekki hrint í framkvæmd af hálfu opinberra stjórnvalda.

Engin leið er að spá fyrir um hvenær áhersluverkefnum í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 verði lokið. Ef fallist yrði á kröfur Skipulagsstofnunar myndi því ríkja algjör óvissa um skipulagsvinnu sveitarfélaga á Suðurhálendinu. Ótækt er að láta sveitarfélög á svæðinu bíða með gerð skipulagsáætlana um óákveðinn tíma þar til opinberar stofnanir hafa unnið vinnu sína í samræmi við umrædda aðgerðaáætlun.

Afstaða Skipulagsstofnunar er fráleit að mati svæðisskipulagsnefndar og stenst það enga skoðun, og alls ekki lög eða reglugerðir, að láta framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu stöðva gildistöku Svæðisskipulags Suðurhálendis. Skipulagslög gera ráð fyrir sérstakri málsmeðferð við endurskoðun svæðisskipulags og því er engin ástæða til að setja fyrirvara um endurskoðun, eins og Skipulagsstofnun leggur til í afgreiðslu sinni. Skv. 26. gr. skipulagslaga ber svæðisskipulagsnefnd eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar að „koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins."

Skipulagsstofnun lagði til að settir yrðu fyrirvarar um stefnu Svæðisskipulagsins, sem 11 sveitarfélög á Suðurlandi höfðu sammælst um og breið sátt ríkir um, vegna aðgerðaáætlunar 2024-2028, sem tók gildi eftir samþykkt svæðisskipulagsins. Stefnumótun svæðisskipulagsins er afrakstur fjögurra ára vinnu, stefnumótunar sem byggir á ríkulegu samráði, öflugu samtali sveitarfélaganna ellefu sem að skipulaginu standa, auk þess sem lögð var sérstök áhersla á að hafa gott samráð við Skipulagsstofnun með endurteknum fundum með stofnuninni.

Landsskipulagsstefna er stefnumarkandi og ekki bindandi við gerð skipulagsáætlana, en rökstyðja ber ákvörðun um að taka ekki mið af henni. Það er gert í Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042. Vald til skipulagningar Suðurhálendisins er í höndum þeirra sveitarfélaga sem stóðu að gerð umrædds svæðisskipulags. Skipulagsvaldið verður ekki tekið úr höndum sveitarfélaganna með vísan til þess að opinberar stofnanir eigi eftir að ráðast í tiltekna stefnumótun á komandi árum samkvæmt aðgerðaáætlun sem tók gildi eftir samþykkt svæðisskipulagsins og engin vissa er um hvenær verði hrint í framkvæmd.

Svæðisskipulagsnefnd telur að þeir fyrirvarar sem Skipulagsstofnun lagði til fái enga stoð í ákvæðum laga eða reglugerða á sviði skipulagsmála. Ekki komi til greina að fresta gildistöku eða framkvæmd svæðisskipulagsins þangað til vinnu við framfylgdarverkefni samþykktrar landsskipulagsstefnu, sem ekki hafði tekið gildi þegar svæðisskipulagið var samþykkt endanlega í sveitarstjórnum, verði lokið. Augljóst er að það mun taka mörg ár að vinna umrædd framfylgdarverkefni um stefnumótun fyrir vegakerfi miðhálendisins, uppbyggingu ferðaþjónustu á hálendinu og kortlagningu víðerna, og engan veginn er hægt að sjá hvenær þeim verkefnum yrði lokið. Í því sambandi ber að hafa í huga að sambærileg framfylgdarverkefni frá fyrri landsskipulagsstefnu var ekki lokið þegar hún rann sitt skeið á enda, þ.e. framfylgdarverkefni sem sneru að stofnvegum á hálendinu, þjónustustöðum og víðernum en ekkert þessara verkefna hefur verið unnið á þeim tíma sem liðinn er síðan landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi. Hér má sjá þau verkefni sem hér er vísað til, úr Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem ekki hafa verið unnin:

> *Önnur verkefni stjórnvalda:*
> *1.1.4 Kortlagning víðerna.*
> Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að reglulega liggi fyrir uppfærð kort af umfangi og þróun víðerna á miðhálendinu. Í því felst að ákveða viðmið fyrir mat á umfangi víðerna út frá skipulagssjónarmiðum og að hafa kort sem uppfærð eru reglulega um umfang víðerna aðgengileg fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga og annarra aðila.

> *1.2.3 Mat á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja.*
> Skipulagsstofnun, í samvinnu við Ferðamálastofu, Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög á hálendinu, safni upplýsingum um þörf fyrir breyttar áherslur í mannvirkjagerð fyrir næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu, m.a. með hliðsjón af ferðamálastefnu og staðbundinni greiningu og stefnumótun á einstökum svæðum innan miðhálendisins. Haft verði samráð við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila.

> *1.3.3 Nánari stefnumótun um vegakerfi miðhálendisins.*
> Við endurskoðun landsskipulagsstefnu og samgönguáætlunar vinni skipulags- og samgönguyfirvöld með hlutaðeigandi stofnunum og hagsmunaaðilum að nánari greiningu á kostum varðandi þróun samgöngukerfis og útfærslu vega á miðhálendinu. Þar verði m.a. metið ástand vega og sú stefna sem sett var um samgöngukerfi á hálendinu með svæðisskipulagi miðhálendisins. Einnig verði höfð hliðsjón af afrakstri vinnu sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra setti af stað haustið 2014 við mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir ferðaþjónustu á Íslandi.

Sambærileg áhersla um stefnumótun um vegakerfi miðhálendisins -er sett fram í aðgerð 2.4.3. í samgönguáætlun 2020-2034, sem samþykkt var á Alþingi 29. júní 2020. Í umsögn Skipulagsstofnunar við drög að skipulagslýsingu Svæðisskipulags Suðurhálendis dags. 16. mars 2021 er sagt að vinna á grunni þessa sé að hefjast hjá Vegagerðinni. Skemmst er frá því að segja að þessi vinna, sem átti að vera að hefjast hjá Vegagerðinni í mars 2021 hefur ekki enn litið dagsins ljós.

Sjá hér úr umsögn Skipulagsstofnunar við drög að skipulagslýsingu Svæðisskipulags Suðurhálendis dags 16. mars 2021:



> Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram aðgerð 1.3.3 sem felst í því að skipulags- og samgönguyfirvöld, með hlutaðeigandi stofnunum og hagsmunaaðilum, vinni að nánari greiningu á kostum varðandi þróun samgöngukerfis miðhálendisins og útfærslu vega. Sambærileg áhersla er sett fram í aðgerð 2.4.3 í samgönguáætlun 2020-2034 og er vinna á grunni hennar að hefjast hjá Vegagerðinni. Að mati Skipulagsstofnunar gæti svæðisskipulagsvinnan lagt af mörkum greiningu og tillögur varðandi þróun samgöngukerfis þessa hluta miðhálendisins auk þess að ákveða ökuleiðir og taka saman skrá yfir vegi í náttúru Íslands. Þar er átt við skrá skv. ákvæðum náttúruverndarlaga og reglugerðar á grundvelli þeirra um það hvernig standa skal að ákvörðunum um vegakerfi í náttúru Íslands, þ.e. um aðrar ökuleiðir utan byggða en þær sem tilheyra þjóðvegakerfinu. Vegaskráin skal unnin samhliða gerð aðalskipulags en einnig er heimilt að vinna slíka vegaskrá við gerð svæðisskipulags.

Vegna þess að ofangreind verkefni voru ekki unnin í kjölfarið á samþykkt landsskipulagsstefnu 2015-2026 og ekki í kjölfarið á samþykkt samgönguáætlunar 2020-2034, þá eru þessi sömu verkefni sett sem framfylgdarverkefni inn í landsskipulagsstefnu 2024-2038.

Í kafla 1.1.4. í landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur fram að „...gert [sé] ráð fyrir að Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að festa ákveðin viðmið og kortleggja reglulega umfang víðerna á hálendinu". Bráðabirgðaákvæði um kortlagningu víðerna er einnig í náttúruverndarlögum og þar segir að kortlagningu víðerna skuli vera lokið fyrir 1. júní 2023. Er vísað til þessa í umhverfismatsskýrslu fyrir Svæðisskipulag Suðurhálendis, bls. 16:

> Opinber kortlagning víðerna liggur ekki fyrir en í lögum um náttúruvernd segir að slík kortlagning eigi að liggja fyrir 1. júní 2023. Þess er vænst að sú kortlagning líti dagsins ljós áður en svæðisskipulag Suðurhálendis verður staðfest og þá gefist ráðrúm yfirfara skipulagið þannig að það miði útbreiðslu víðerna við hana. Fram að þeim tíma verður miðað við kortlagningu víðerna sem unnin var af Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Hornafirði frá 2021 [10] við mat á áhrifum á víðerni og við mat á verndargildi landslagsheilda. Kortlagningin var unnin fyrir Rammaáætlun og er valið að miðað við hana við vinnslu svæðisskipulagsins þar sem hún er unnin í tengslum við áætlanagerð stjórnvalda.
>
> Að staðreyna hvaða svæði eru óbyggð víðerni er vandkvæðum bundið á meðan opinber kortlagning liggur ekki fyrir. Það er því ákveðin óvissa um umfanga þeirra þó það liggi fyrir að innan Suðurhálendis eru sannarlega víðerni. Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að festa ákveðin viðmið og kortleggja reglulega umfang víðerna á hálendinu. Í landsskipulagsstefnu er sveitar-

Send var fyrirspurn til Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar á vinnslutíma svæðisskipulagsins og spurt hvar vinna við kortlagningu víðerna stæði og bárust engin svör við því hvort unnið væri að þessari kortlagningu eða hvenær kortlagningin myndi liggja fyrir. Í lið 13 í nýsamþykktri fimm ára aðgerðaáætlun með Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er sett það markmið að lokið verði kortlagningu víðerna á árunum 2024-2025.

Ekki er hægt að ætlast til að sveitarfélög bíði með alla sína skipulagsvinnu sem getur tengst áhrifum á víðerni á meðan hið opinbera lætur undir höfuð leggjast að sinna skyldum sínum og þeim verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt lögum og þeirri stefnumörkun sem hið opinbera vinnur sjálft. Telur svæðisskipulagsnefnd ótækt að sveitarfélög setji skipulagsáætlanir sínar á ís um langan tíma á meðan óvissa ríkir um það hvenær opinber stjórnvöld sinni þeim verkefnum varðandi stefnumótun um vegakerfi og ferðaþjónustustaði sem fram koma í aðgerðaáætlun með Landsskipulagsstefnu 2024-2038. Þrátt fyrir að sveitarfélögum beri að taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu við gerð svæðisskipulags er engin stoð fyrir því í skipulagslögum að þau setji skipulagsvinnu sína á frest um óákveðinn tíma þar til ákveðin verkefni um stefnumörkun verði unnin á vegum ríkisins. Er því ekki hægt að synja um staðfestingu á svæðisskipulaginu á þessum grundvelli.

Áréttað er að skv. 26. gr. skipulagslaga ber svæðisskipulagsnefnd eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar að „koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins." Telji svæðisskipulagsnefnd við slíkt tilefni að gera þurfi breytingar á gildandi svæðisskipulagi fer um þá málsmeðferð eftir 22.-25. gr. skipulagslaga, líkt og um gerð nýs svæðisskipulags sé að ræða. Þannig eru sérstök fyrirmæli í 26. gr. skipulagslaga um það hvernig haga beri endurskoðun svæðisskipulags, sem eiga t.d. við í þeim tilvikum þar sem ný landsskipulagsstefna tekur gildi eftir gerð og samþykkt svæðisskipulags. Engin stoð er hins vegar fyrir því í lögunum að synjað sé um staðfestingu svæðisskipulags á þeim grundvelli að það sé ekki í samræmi við við landsskipulagsstefnu sem tók gildi eftir samþykkt svæðisskipulagsins eða aðgerðir sem hefur ekki verið ráðist í við samþykkt þess. Ekki er heldur nein stoð fyrir því í lögum að Skipulagsstofnun setji þau skilyrði fyrir staðfestingu svæðisskipulags að það verði endurskoðað að loknum aðgerðum samkvæmt aðgerðaáætlun, sem var samþykkt á Alþingi eftir samþykkt umrædds skipulags, og að beðið verði með vinnslu aðalskipulags og veitingu framkvæmdaleyfa þar til slíkri endurskoðun hefur verið lokið. Skilyrði Skipulagsstofnunar um setningu fyrirvara um endurskoðun í svæðisskipulagið eiga sér þannig enga stoð í ákvæðum skipulagslaga eða skipulagsreglugerðar um gerð svæðisskipulags og fá þeir ekki staðist nánari skoðun. Auk þess er engin ástæða til að hafa fyrirvara í svæðisskipulaginu um endurskoðun þess, enda mun svæðisskipulagsnefnd samkvæmt 26. gr. skipulagslaga eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið með hliðsjón af stefnumörkun í þeirri landsskipulagsstefnu sem er í gildi hverju sinni.

## 7. Afgreiðsla Skipulagsstofnunar frá 19. júní 2024 brýtur í bága við meðalhóf

Í erindi Skipulagsstofnunar frá 19. júní 2024 kemur fram það álit Skipulagsstofnunar að til þess að unnt sé að staðfesta svæðisskipulagið þurfi að setja fyrirvara í skipulagið um að stefna þess varðandi gerð og hönnun vega og flokkun ferðaþjónustustaða verði endurskoðuð þegar vinnu við tiltekin framfylgdarverkefni samkvæmt fimm ára aðgerðaáætlun með Landsskipulagsstefnu 2024-2038 verði lokið, svo og að stefnan verði ekki innleidd í aðalskipulag sveitarfélaganna eða veitt framkvæmdaleyfi á grunni hennar fyrr en endurskoðun hennar er lokið.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að krafa Skipulagsstofnunar um að gildistöku stefnu Svæðisskipulags Suðurhálendis um stofnvegi og ferðaþjónustustaði verði frestað þangað til búið er að vinna ákveðin framfylgdarverkefni samkvæmt aðgerðaáætlun Landsskipulagsstefnu 2024-2038, sem var samþykkt eftir að sveitarfélögin ellefu samþykktu Svæðisskipulagið og að lokinni auglýsingu þess, brjóti í bága við meðalhóf. Ekki er hægt að fara fram á að umrædd sveitarfélög fresti allri vinnu sinni við gerð skipulagsáætlana þangað til framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu hafa verið unnin. Áréttað er að Landsskipulagsstefna 2024-2038 hafði ekki tekið gildi þegar sveitarfélögin ellefu unnu að og samþykktu Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042. Landsskipulagsstefnan og aðgerðaáætlun með henni getur ekki haft þau afturvirku áhrif að synjað verði staðfestingar á svæðisskipulaginu, enda ber sveitarfélögum við gerð svæðisskipulags aðeins að taka mið af þeirri landsskipulagsstefnu sem þá er í gildi. Eðli máls samkvæmt gátu sveitarfélögin ekki miðað stefnumörkun sína í svæðisskipulaginu við tilteknar aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun sem ekki lá fyrir við gerð svæðisskipulagsins. Þar fyrir utan er



landsskipulagsstefna ekki bindandi við gerð svæðisskipulags eins og áður er rakið. Skilyrði Skipulagsstofnunar um að vinnu við skipulagsáætlanir verði frestað um óákveðinn tíma samræmast ekki meðalhófi og eru afar óeðlileg í ljósi ákvæða og markmiða skipulagslaga.

Ekki er hægt að gera þá kröfu til sveitarfélaga að þau endurskoði nýsamþykkt Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042, sem hefur verið í vinnslu síðastliðin fjögur ár og hefur verið samþykkt af sveitarstjórnum 11 sveitarfélaga að undangenginni viðurhlutamikilli málsmeðferð í samræmi við ákvæði skipulagslaga, á grundvelli nýrrar þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu 2024-2038 sem samþykkt var á Alþingi þann 16. maí 2024, og að þau fresti framkvæmd skipulagsáætlana sinna um óákveðinn tíma þar til slík verkefni hafa verið unnin af hálfu opinberra stofnana.

Skv. 26. gr. skipulagslaga ber svæðisskipulagsnefnd eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar að „koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins."

Sveitarfélög fara með skipulagsvald á hálendi Íslands innan sinna marka. Víða hefur þeim verið legið á hálsi vegna þess að skipulag hálendisins tekur ekki mið af fjölda ferðafólks og því beri náttúran skaða af. Ekki er hægt að ætlast til að sveitarfélögin bíði með sitt skipulag eftir að tilteknum aðgerðum skv. aðgerðaáætlun nýsamþykktrar landsskipulagsstefnu 2024-2038, sem ekki hafði tekið gildi þegar svæðsskipulagið var samþykkt hjá sveitarstjórnum, verði lokið. Auk þess er hér um að ræða sambærileg verkefni og þau sem átti að vinna samkvæmt landsskipulagsstefnu 2015-2026 en voru aldrei unnin. Liggur því ekkert fyrir um að vinnu við þessi verkefni verði lokið á næstu árum.

Að öllu framangreindu virtu er það mat svæðisskipulagsnefndar að afgreiðsla Skipulagsstofnunar fari í bága við meðalhóf.

## 8. Ágallar á málsmeðferð Skipulagsstofnunar

Skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga skal svæðisskipulagsnefnd senda Skipulagsstofnun tillögu að svæðisskipulagi til athugunar eftir að tillagan hefur verið kynnt fyrir almenningi á almennum fundi eða með öðrum fullnægjandi hætti. Þá segir í ákvæðinu: „Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 24. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um svæðisskipulag skal hún leita samkomulags við svæðisskipulagsnefnd um breytingar. Náist ekki samkomulag er svæðisskipulagsnefnd engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni."

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að hvergi í athugun Skipulagsstofnunar samkvæmt 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga var gefið til kynna að Skipulagsstofnun teldi þá efnis- eða formgalla vera á tillögu að umræddu svæðisskipulagi, eða ósamræmi við áætlanir, að leitt geti til þess að Skipulagsstofnun meti tillöguna svo að ekki sé hægt að staðfesta hana. Samkvæmt skipulagslögum ber Skipulagsstofnun á þessu stigi að meta hvort svæðisskipulagstillagan fullnægi settum kröfum um svæðisskipulag, þ.e. áður en svæðisskipulagstillagan er auglýst í samræmi við 24. gr. skipulagslaga.

Þann 22. ágúst 2023 var tillaga að Svæðisskipulagi Suðurhálendis send til Skipulagsstofnunar með tölvupósti, til athugunar fyrir auglýsingu hennar, í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga, ásamt meðfylgjandi gögnum sem eru aðgengileg í skipulagsgátt undir liðnum athugun fyrir auglýsingu, sjá hér.

- Greinargerð Svæðisskipulags
- Umhverfismatsskýrsla
- Flokkun landslags, fylgirit

- Umsagnir, vinnslutillaga
- Bókanir sveitarstjórna
- Fundargerð 25. Fundar svæðisskipulagsnefndar

Þann 6. október 2023, rúmum sex vikum síðar og þar með utan þeirra tímamarka sem greinir í 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga, sendi Skipulagsstofnun Svæðisskipulagsnefnd Suðurhálendis umsögn eftir athugun sína á svæðisskipulagstillögunni. Í umsögn sinni benti Skipulagsstofnun á nokkur atriði sem bregðast þyrfti við (fylgiskjal).

Svæðisskipulagsnefnd yfirfór svæðisskipulagstillöguna með hliðsjón af athugasemdum Skipulagsstofnunar dags. 6. Október 2023. Að lokinni yfirferð nefndarinnar þann 31. október 2023 var Skipulagsstofnun sent tölvubréf með upplýsingum um þær breytingar sem gerðar voru á gögnum með svæðisskipulaginu til að koma til móts við ábendingar og athugasemdir Skipulagsstofnunar, sem lutu aðallega að því að undirbyggja og rökstyðja enn betur stefnu svæðisskipulagsins og bæta við frekari skýringum. Með fylgdi bókun svæðisskipulagsnefndar þar sem hún samþykkti uppfærð skipulagsgögn, fundargerð nefndarinnar ásamt minnisblaði með viðbrögðum við ábendingum og athugasemdum Skipulagsstofnunar, og skipulagsgögnin fyrir og eftir breytingar á þeim, þar sem breytingar sem gerðar höfðu verið á gögnunum voru gulmerktar. Þá kom fram í tölvupóstinum að svæðisskipulagsnefnd samþykkti að tillagan og fylgigögn hennar yrðu auglýst nú þegar athugun Skipulagsstofnunar væri lokið og öll sveitarfélögin sem standa að svæðisskipulaginu hefðu samþykkt auglýsingu þess. Hér er skjáskot af tölvupóstinum:



**Svæðisskipulag Suðurhálendis**

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir
To Guðrún Lára Sveinsdóttir - SLS
Cc Bjarni Guðmundsson
Sync to CRM
31.10.2023

Fundargerð 26.fundur.pdf 996 KB

Sæl Guðrún Lára.

Nú hefur svæðisskipulagsnefnd farið yfir tillögu að Svæðisskipulagi Suðurhálendis og gert breytingar, til að koma til móts við ábendingar og athugasemdir í umsögn Skipulagsstofnunar frá 6. október.
Uppfærð gögn eru tilbúin og einnig gögn þar sem breytingar eru gulmerktar, ef þið hafið áhuga á að sjá hverju var breytt. Hér er bókun svæðisskipulagsnefndar þar sem hún samþykkir gögnin og fundargerð nefndarinnar fylgir hér með. Til upplýsingar þá sendi ég þér líka gögnin, en það verður í gegn um Wetransfer.

> Svæðisskipulagsnefnd samþykkir uppfærð gögn og minnisblað (sjá viðauka við fundargerð) með viðbrögðum við ábendingum og athugasemdum Skipulagsstofnunar.
>
> Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að tillagan og fylgigögn hennar verði auglýst nú þegar athugun Skipulagsstofnunar er lokið og öll sveitarfélögin sem að svæðisskipulaginu standa hafa samþykkt auglýsingu þess.

Engar efnislegar breytingar voru gerðar á tillögunni sjálfri heldur snúa breytingar á gögnunum aðallega að því að byggja betur undir forsendur breytingarinnar og bæta í texta sem er til skýringar.

Þá er næsta skref að koma gögnunum í auglýsingu og þá er ég með tvær spurningar:

1. Stjórn svæðisskipulagsnefndar og Bjarni hjá SASS eru að velta fyrir sér hvort það sé ekki alveg öruggt að tillagan þurfi ekki að fara í aðra umferð til sveitarfélaganna, nú þegar það er búið að senda hana til athugunar, og bregðast við ábendingum– heldur sé hægt að fara með hana beint í auglýsingu núna. Þarna eru þau að horfa til 32. gr. og túlkunar á henni. ( ef það þarf að senda tillöguna annan hring þá þarf að hafa snarar hendur því þetta eru 9 sveitarfélög og þau funda flest í byrjun mánaðar)

2. Hvernig er best að snúa sér í því að setja tillöguna í kynningu í Skipulagsgátt ? Nú reikna ég ekki með að SASS sé með aðgang að gáttinni en mögulega er það fyrsta skref. Hver getur leiðbeint okkur um hversu mikið af gögnum málsins þurfa að fara inn í gáttina þegar skipulag kemur þangað inn þegar komið er að auglýsingu ?

Með bestu
Hrafnhildur

Ps. Bjarni hjá SASS er í fríi og bað mig að sinna samskiptum vegna þessa á meðan svo er.

Svar við póstinum barst frá Skipulagsstofnun þann 1. nóvember 2023 og er hér skjáskot af því svari:

**RE: Svæðisskipulag Suðurhálendis**

Guðrún Lára Sveinsdóttir - SLS <Gu
To Hrafnhildur Brynjólfsdóttir
Cc Bjarni Guðmundsson; Guðrún Jensdóttir - SLS
Tracked To Dynamics 365
You replied to this message on 1.11.2023 12:02.

Reply | Reply All | Forward

mið. 1.11.2023 12:00

Sæl Hrafnhildur

**Varðandi samþykki sveitarstjórna þá kveða lögin ekki á um það að þess þurfi. Það er því svæðisskipulagsnefndar að taka afstöðu til þess, ef þau telja tilefni til þess að leita samþykkis sveitarstjórna á ný þá geta þau gert það.**

**Varðandi Skipulagsgáttina og hver eigi að fara með umboð fyrir svæðisskipulagsnefndina gagnvart gáttinni þá bið ég þig að hafa samband við Guðrúnu Jensdóttur, set hana hér í cc.**

**Bestu kveðjur, Guðrún Lára**

**Guðrún Lára Sveinsdóttir**
Sviðsstjóri, svið aðalskipulags / Division Head, Municipal Planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Gudrun.Sveinsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

**From:** Hrafnhildur Brynjólfsdóttir <hrafnhildur.brynjolfsdottir@efla.is>
**Sent:** þriðjudagur, 31. október 2023 16:27
**To:** Guðrún Lára Sveinsdóttir - SLS <Gudrun.Sveinsdottir@skipulag.is>
**Cc:** Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
**Subject:** Svæðisskipulag Suðurhálendis

Sæl Guðrún Lára.

Nú hefur svæðisskipulagsnefnd farið yfir tillögu að Svæðisskipulagi Suðurhálendis og gert breytingar, til að koma til móts við ábendingar og athugasemdir í umsögn Skipulagsstofnunar frá 6. október.
Uppfærð gögn eru tilbúin og einnig gögn þar sem breytingar eru gulmerktar, ef þið hafið áhuga á að sjá hverju var breytt. Hér er bókun svæðisskipulagsnefndar þar sem hún samþykkir gögnin og fundargerð nefndarinnar fylgir hér með. Til upplýsingar þá sendi ég þér líka gögnin, en það verður í gegn um Wetransfer

Fylgigögn sem nefnd eru í póstinum voru send með WeTransfer. Staðfesting barst frá WeTransfer um að gögnin voru niðurhöluð.

<u>Engar athugasemdir komu frá Skipulagsstofnun um uppfærð gögn.</u>

Í fundargerð 26. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 23. október 2023, sem var sett inn á skipulagsgáttina (fylgiskjal), er farið yfir hvernig unnið var úr athugasemdum Skipulagsstofnunar og gerðar breytingar á skipulagsgögnum til samræmis við þær athugasemdir.

Engar athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun um hvernig svæðisskipulagsnefnd vann úr athugasemdum í umsögn Skipulagsstofnunar frá 6. október 2023 eða um þær breytingar sem gerðar voru á skipulagsgögnunum í



kjölfarið. Þvert á móti var eingöngu leiðbeint um það af hálfu Skipulagsstofnunar hvernig hægt væri að koma svæðisskipulaginu í auglýsingu í skipulagsgátt. Verður því að líta svo á að samkomulag hafi náðst milli Skipulagsstofnunar og svæðisskipulagsnefndar um þær breytingar sem gerðar voru, sbr. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að við athugun svæðisskipulagstillögu fyrir auglýsingu þá sá Skipulagstofnun ekki ástæðu til að benda á að tillagan fullnægði ekki settum kröfum um svæðisskipulag. Þá sá Skipulagsstofnun ekki ástæðu til að fara fram á að athugasemdir stofnunarinnar yrðu auglýstar með tillögunni. Máttu svæðisskipulagsnefnd og hlutaðeigandi sveitarfélög því líta svo á, að Skipulagsstofnun hefði fallist á að þær breytingar sem gerðar voru á gögnum með svæðisskipulaginu til samræmis við athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 6. október 2023 fælu í sér fullnægjandi lagfæringar á svæðisskipulaginu, svo og að engir annmarkar væru á svæðisskipulaginu að mati Skipulagsstofnunar eftir þær breytingar. Svæðisskipulagsnefnd var því í góðri trú um að tillagan fullnægði settum kröfum um svæðisskipulag.

## 9. Samantekt á áliti svæðisskipulagsnefndar

Með vísan til alls þess sem hér hefur verið rakið telur svæðisskipulagsnefnd ljóst að ráðherra beri að staðfesta Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042 í samræmi við 25. gr. skipulagslaga.

Eins og rakið hefur verið getur sveitarstjórn vikið frá samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana svo lengi sem gerð er rökstudd grein fyrir slíkum frávikum, sbr. 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga. Hugsanleg frávik stefnu svæðisskipulagsins frá landsskipulagsstefnu voru rökstudd á viðhlítandi hátt í greinargerð með svæðisskipulaginu, svo og í umhverfismatsskýrslu. Þá var svæðisskipulagsnefnd og hlutaðeigandi sveitarstjórnum eingöngu skylt að taka mið af þeirri landsskipulagsstefnu sem var í gildi þegar unnið var að gerð svæðisskipulagsins og þegar skipulagið var samþykkt, sbr. 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Landsskipulagsstefna 2024-2038 og fimm ára aðgerðaáætlun 2024-2028, sem samþykkt var á Alþingi þann 16. maí 2024, eftir að Svæðisskipulag Suðurhálendis var samþykkt af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, að undangenginni ítarlegri málsmeðferð, í samræmi við ákvæði skipulagslaga, getur því ekki leitt til þess að svæðisskipulaginu sé synjað staðfestingar. Engin stoð er fyrir því í lögum að svæðisskipulag umræddra sveitarfélaga verði sett á frest um óákveðinn tíma þar til beðið er eftir því að opinberar stofnanir ljúki við ákveðin verkefni samkvæmt aðgerðaáætlun með landsskipulagsstefnu, sem ekki lágu fyrir þegar umrætt skipulag var samþykkt af sveitarstjórnum. Að mati svæðisskipulagsnefndar samræmist það illa markmiðum skipulagslaga að hamla framgangi skipulagsmála með þessum hætti.

Þá er ekki fallist á það með Skipulagsstofnun að stefna svæðisskipulagsins um uppbyggingu stofnvega og flokkun ferðaþjónustustaða víki „í grundvallaratriðum" frá Landsskipulagsstefnu 2024-2038 eða fyrri landsskipulagsstefnu og að um breyttar áherslur sé að ræða, þrátt fyrir að einhver rökstudd frávik kunni að vera fyrir hendi. Auk þess er vísað á bug þeim fullyrðingum Skipulagsstofnunar um að stefna svæðisskipulagsins sé ekki nægilega undirbyggð og að ekki hafi verið færð skýr rök fyrir nauðsyn þess að víkja frá landsskipulagsstefnu varðandi umrædda þætti, enda eru þær fullyrðingar með öllu haldlausar eins og hér hefur verið sýnt fram á og ljóst er af greinargerð með svæðisskipulaginu.

Þannig liggur ljóst fyrir að engir þeir annmarkar eru á svæðisskipulaginu sem leitt geti til þess að ráðherra skuli synja um staðfestingu þess.

**Viðauki. Yfirlit yfir ferli Svæðisskipulags Suðurhálendis.**

- Skipulagslýsing var kynnt 2. júlí 2021 - 15. ágúst 2021. Sjá Skipulagslýsingu í skipulagsgátt https://skipulagsgatt.is/issues/2023/862 .
- Skipulagsstofnun yfirfór drög að lýsingu og gaf umsögn sína um þau 16. mars 2021 (sjá fylgiskjal). Þá lagði Skipulagsstofnun fram umsögn sína (fylgiskjal) við skipulagslýsingu 2. september 2021 (sjá fylgiskjal). Þar er hvatt til þess að móta stefnu um vegi, mannvirki og aðrar heimildir til uppbyggingar á hálendinu eins og hér segir:

  > Að mati Skipulagstofnunar getur svæðisskipulagsgerð verið ákjósanlegur vettvangur til að móta og samræma stefnu um auðlindanýtingu, mannvirki, vegi og aðrar heimildir til uppbyggingar á hálendinu, sbr. áherslur við skipulagsgerðina, enda sé viðfangsefnið að móta megindrætti samræmdrar stefnu í þessum málaflokkum sem setur viðmið fyrir útfærslu stefnu og skipulagsákvæða í aðal- og deiliskipulagi. Eins og fram kom í umsögn Skipulagsstofnunar um drög að lýsingu gæti svæðisskipulagsvinnan kallað á nákvæmari greiningar óbyggðra víðerna á svæðinu og dýpkunar á landslagsgreiningu þannig að viðmið og leiðarljós um uppbyggingu og nýtingu taki mið af því hvaða landslagseinkenni eða náttúrufar ber að vernda eða viðhalda innan hvers svæðis til að viðhalda sérstöðu hálendisins, sbr. markmið í kafla 1.2 í lýsingunni. Stefna um áfangastaði, mannvirkjagerð og yfirbragð byggi þannig á landslagsgerð og einkennum hvers svæðis.

- Í kjölfar umsagnar Skipulagsstofnunar var unnin landslagsgreining (sjá ) og hún lögð til grundvallar stefnumörkun Svæðisskipulagsins. Landslagsgreiningin er grundvallar forsenda við alla stefnumótun Svæðisskipulagsins. Umsagnir við skipulagslýsingu bárust frá eftirtöldum aðilum: Landsneti, Húnaþingi vestra, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landvernd, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Katla jarðvangur, Sveitarfélagið Skagafjörður, Forsætisráðuneytið, Múlaþing, Náttúrufræðistofnun og Skipulagsstofnun.
- Farið var yfir helstu umsagnir og viðbrögð við þeim á fundi svæðisskipulagsnefndar 29.09.2021. Sjá fundargerð 10 sem er fylgiskjal.
- Í umsögnum var bent á mikilvægi atriða sem fjallað verður um í skipulagsvinnunni, en einnig komu fram ábendingar um þætti sem ekki voru innan þess ramma sem svæðisskipulagsvinnan náði yfir. Umsagnir voru hafðar til hliðsjónar við vinnu skipulagstillögu.
- Vinnslutillaga var kynnt 13. janúar - 19. febrúar 2023, sjá skipulagsgátt https://skipulagsgatt.is/issues/2023/862.
- Leitað var umsagna um vinnslutillögu hjá yfir 50 aðilum og bárust 40 umsagnir. Svæðisskipulagsnefnd fór yfir umsagnirnar og viðbrögð við þeim. Samantekt um viðbrögð nefndarinnar eru í skipulagsgátt auk þess að vera hér sem fylgiskjal (7852-002-MIN-002-V04). Hvernig brugðist var við athugasemdum Skipulagsstofnunar kemur fram í skjalinu með skýrum hætti.
- Skipulagstillaga var auglýst í lok árs 2023 til 19. janúar 2024, sjá gögn í skipulagsgátt https://skipulagsgatt.is/issues/2023/862 .
- Leitað var umsagna um auglýsta tillögu hjá yfir 50 aðilum og bárust 73 umsagnir. Svæðisskipulagsnefnd fór yfir umsagnirnar og viðbrögð við þeim. Samantekt um viðbrögð nefndarinnar eru í skipulagsgátt auk þess að vera hér sem fylgiskjal (7852-002-MIN-003-V01). Hvernig brugðist var við athugasemdum Skipulagsstofnunar kemur fram í skjalinu með skýrum hætti. Að lokinni auglýsingu skipulagstillögunnar var endanleg tillaga samþykkt í sveitarstjórnunum ellefu sem að skipulaginu standa, eftir að brugðist hafði verið við þeim athugasemdum sem fram höfðu komið.
- Samþykkt skipulagstillaga var send Skipulagsstofnun í gegnum skipulagsgátt, með fylgiskjölum sem þar eru aðgengileg á þessum hlekk hér (fylgiskjöl til staðfestingar), þann 23. apríl 2024. Skv. 3. mgr. 25 gr. skipulagslaga hefur Skipulagsstofnun 4 vikur til að staðfesta svæðisskipulagstillögu eða vísa henni til ráðherra, telji stofnunin að synja beri svæðisskipulaginu staðfestingar. Þennan tímafrest virti Skipulagsstofnun ekki.



- Skipulagsstofnun sendi svæðisskipulagsnefnd afgreiðslubréf átta vikum síðar þann 19. júní 2024 (fylgiskjal) um að hún muni staðfesta svæðisskipulagið með ákveðnum fyrirvörum, en að öðrum kosti muni stofnunin synja því um staðfestingu og vísa því til ráðherra.
- Svæðisskipulagsnefnd hafnar fyrirvörum Skipulagsstofnunar á fundi þann 19. júlí 2024 og er SASS falið að koma þeirri ákvörðun til Skipulagsstofnunar. SASS tilkynnir Skipulagsstofnun ákvörðun sína þann 20 júlí 2024.
- Skipulagsstofnun sendi Innviðaráðherra tillögu þann 19. ágúst 2024 (fylgiskjal) um að synja beri svæðisskipulaginu staðfestingar.
- Innviðaráðherra sendir svæðisskipulagsnefnd bréf þann 17. september 2024 til að óska sjónarmiða Svæðisskipulagsnefndar.
- Svæðisskipulagsnefnd samþykkir umsögn sína um erindi Innviðaráðherra á fundi sínum 25. október 2024 og felur framkvæmdastjóra samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi að senda umsögnina.
- Umsögn send til innviðaráðherra.